# 10. Ársþing KAI

Ársskýrsla Karatesambands Íslands
20.júní 1996

# EFNISYFIRLIT


Efnisyfirlit ... 2
Ársskýrsla Karatesambands Íslands ... 3
Frá formanni ... 4
Karatemenn ársins frá 1985 - 1995 ... 6
Dómur Karatedómstóls KAI ... 7
Bikarmót KAI, 25. apríl 1993 ... 10
"Bardagalistamót" í Colob æfingastöðinni í nóvember 1993 ... 11
Íslandsmeistaramótið í Kumite 1993 ... 13
Kynningarátak KAI í skólum vorið 1994 ... 14
21. Landsmót UMFÍ, 14. - 17. júlí 1994 á Laugarvatni ... 16
Íslandsmeistaramót í kata 1994 ... 17
Íslandsmeistaramót í kumite 1994 ... 18
Norðurlandamótið í Reykjavík 1994 ... 20
Íslandsmeistaramótið í Kumite 1995 ... 24
Íslandsmeistaramótið í Kata 1996 ... 26
Íslandsmeistaramótið í Kata 1995 ... 27
10. ára Afmælismót KAI 28. febrúar 1995 ... 28
Stiklað á stóru ... 31
*Karatepósturinn* ... 31
*Húsgagnakaup* ... 31
*Dýnur á keppnisvöll* ... 31
*Nýr verðlaunapeningur KAI* ... 31
Bikarmót KAI 1996 ... 33
Nýr landsliðsþjálfari ... 35
Yfirlit yfir keppnisferðir ... 36
Íslandsmeistarar frá stofnun KAI 1985 ... 43
Dómaraskírteini ... 47
Unglingameistaramót 1994 - kata ... 48
Unglingameistaramót 1994 - Kumite ... 50
Unglingameistaramót 1995 - kata ... 51
Unglingameistaramót 1995 - kumite ... 53
Unglingameistaramót 1996 - kumite ... 54
Rekstrarreikningur ... 55
Efnahagsreikningur ... 56

# ÁRSSKÝRSLA

# KARATESAMBANDS ÍSLANDS

## 31. janúar 1993 - 20. júní 1996.

Á 9. ársþingi KAI, sem haldið var 31. janúar 1993 voru eftirtaldir kjörnir í stjórnir og nefndir fyrir starfstímann, sem fór í hönd. Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi sínum.

| | | |
|---|---|---|
| Karl Gauti Hjaltason | formaður | ( 11 ár í stjórn ) |
| Stefán Alfreðsson | varaformaður | ( 6 ár ) |
| Bjarni Ásmundsson | gjaldkeri | ( 5 ár ) |
| Jón Ívar Einarsson | meðstjórn | ( 3 ár ) |
| Ingólfur Snorrason | meðstjórn | ( 3 ár ) |

**Varastjórn:**
Sölvi Rafn Rafnsson
Tryggvi Erli
Matthías Matthíasson

**Endurskoðendur:**
Jón Ingi Þorvaldsson
Einar M. Einarsson

**Aganefnd:**
Karl Gauti Hjaltason
Kári Rafn Sigurjónsson
Konráð Stefánsson
Sölvi Rafn Rafnsson
Ævar Þorsteinsson

**Mótanefnd:**
Ingólfur Snorrason
Jón Ingi Þorvaldsson
Hjalti Ólafsson

**Karatedómstól:**
Bjarni Ásgeirsson
Konráð Stefánssonngsson
Jón Ásgeir Blöndal

**Landsliðsnefnd:**
Konráð Stefánsson
Tryggvi Erlingsson
Halldór Svavarsson

**Tækninefnd:**
Ólafur Wallevik
Stefán Alfreðsson
Jónína Olesen
**til vara í Tækninefnd:**
Sölvi Rafn Rafnsson
Grétar Halldórsson
Karl Gauti Hjaltason

# FRÁ FORMANNI

Langur starfstími stjórnar KAI hefur öðrum þræði leitt til þess að smám saman hafa einstakir stjórnarmenn dottið út úr starfinu, en það skal tekið fram að allir stjórnarmenn störfuðu vel í upphafi, en urðu síðan frá að hverfa, flestir af löglegum forföllum. Í lokin voru það formaður og gjaldkeri, sem störfuðu út tímabilið.

Að venju hafa nefndir KAI starfað lítt eða ekki á tímabilinu og ætla ég ekki að fjölyrða frekar ástæður þess, það hef ég svo oft áður gert. Karatedómstóllinn kom saman í fyrsta skipti í sögunni á tímabilinu og felldi sinn fyrsta úrskurð.

Að sönnu er langur tími frá síðasta ársþingi, rúmlega þrjú ár. En þrátt fyrir að ársþing hefur ekki verið haldið frá því 1993, þá hefur rekstur Karatesambandsins verið á sama tíma þróttmikill og margt verið á dagskrá s.l. þrjú ár.

Hér ætla ég ekki að reyna að afsaka þann drátt, sem orðið hefur á því að kalla saman ársþing, ég tek þá ábyrgð eðlilega á mínar herðar og stend og fell með verkum stjórnarinnar, sem ég tel að öðru leyti hafa verið prýðilega unnin. Allt starf hefur verið með venjubundnum hætti, öll mót verið haldin reglulega og landsliði verið haldið úti eins og venja hefur verið til. Það eina sem hefur í reynd misfarist, ef miðað er við ellefu ára starfsemi KAI, er ársþingið.

Af einstökum atburðum ber hæst Norðurlandamótið í Reykjavík, sem fram fór á haustdögum 1994. Að þeim atburði frátöldum er efst í huga ráðning nýs landsliðs-þjálfara frá ársbyrjun 1996, Halldórs Svavarssonar, en hann hefur byrjað starf sitt af miklum krafti og lofar sannarlega góðu.

Á tímabilinu hafa verið haldin fjögur Kata Íslandsmót, þrjú Kumite Íslandsmót, fjögur Unglingameistaramót í kata og kumite, fjöldi annara móta og viðburða, auk þess sem Karatesambandið hefur sent mikinn fjölda karatefólks til þátttöku á mótum erlendis.

Helstu útgjöld sambandsins hafa verið úthald landsliðsins og allt sem því tengist, að því viðbættu að tilraunir til þess að mennta dómara hafa reynst KAI dýr sl. misseri. Það hefur þó verið yfirlýst stefna margra Ársþinga KAI að vinna að markvissu útbreiðslustarfi á öðrum vettvangi, svo sem með kynningarbæklingum, námskeiðum og öðru slíku. Ástæðan fyrir því að slíkt hefur ekki verið áberandi þáttur í starfi sambandsins, allt frá stofnun þess, er einungis sú að ekki hefur reynst mannskapur til þess að vinna að þessum málum. Staðreyndin er sú að einungis örfáir menn halda úti karatestarfinu í landinu. Þessir menn starfa flestir í sjálfboðavinnu og varla hægt að ætlast til þess að þessi fámenni hópur leggji mikið meira af mörkum. Sumir eru önnum kafnir við að byggja upp sitt félag eða stíl og loks eru nokkrir sem að starfa fyrir KAI, en í því liði eru bæði stjórnarmenn, dómarar og nokkrir aðrir sem ávallt hafa verið boðnir og búnir til þess að starfa á mótum.

Í raun er þetta allt of fámennur hópur. Við getum spurt okkur hvað myndi gerast ef tíu úr þessum hópi hættu þessari vinnu sinni. Ég er ansi hræddur um að það tæki nokkurn tíma fyrir íþróttina að ná aftur fyrra afli, þó það megi einnig segja að enginn sé ómissandi. Það er því verkefni fyrir okkur öll að fá til liðs við okkur fleira fólk til þess að vinna íþróttinni brautargengi, ekki fyrir þóknun, eins og sums staðar virðist vera orðin ómissandi

þáttur í íþróttastarfinu, heldur af áhuga og til þess að vinna sér og öðrum ánægju af því starfi.

Það er staðreynd, sem við þekkjum, að karateíþróttin á hug og hjörtu barna og unglinga. Um það vitna til dæmis unglingameistaramótin, sem hátt á þriðja hundrað börn og unglingar taka þátt í árlega og enn fleiri ungmenni æfa reglulega með karatefélögunum. Karateíþróttin er í dag íþrótt, sem aðallega höfðar til yngri kynslóðarinnar hérlendis. Það eru ekki mörg ár síðan í karate hópuðust aðallega 15-19 ára drengir. Nú er stæðsti aldurshópurinn 8-12 krakkar.

Við þurfum að staldra við og upphugsa leiðir til þess að gera þessu unga fólki íþróttina enn skemmtilegri, því að samkeppni um tómstundagaman er svo sannarlega til staðar. Á tímum ofbeldis og fíkniefnanotkunar meðal unglinga, kann ég ekkert betra ráð til þess að berjast gegn þessum vágesti meðal krakka og unglinga en ástundun íþrótta.

Ég get ekki sagt skilið við þessa skýrslu án þess að nefna eitt atriði til viðbótar, sem er nýleg frávísun Afreksmannasjóðs ÍSÍ á umsókn Karatesambandsins um styrk vegna Halldórs Svavarssonar. Reglur sjóðsins kveða svo á um að afreksmenn úr Ólympíuíþróttum geta einir notið styrkja úr sjóðnum. Það skipti því engu máli þótt karatefólk kæmist á efstu palla á Heimsmeistaramótum, þeir væru ekki styrkhæfir í augum ÍSÍ sem afreksmenn.

Þetta er auðvitað hróplegt óréttlæti og vanvirðing við þær íþróttir, sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum Alþjóða Ólympíunefndarinnar. Að sjálfsögðu sjá það allir að karatemaður getur verið, hlutlægt séð, jafnmikill afreksmaður og hver annar íþróttamaður og ég sjálfur er sannfærður um að t.d. Halldór sé framar á heimslista karatemanna, en margir aðrir styrkþegar í sinni íþrótt. Því miður er afrekaskrá karate ekki til, en ef ég tek mið af árangri Halldórs undanfarið, 3 sæti í opnum flokki á NM '95 og að komast í 8 manna úrslit á EM '95 o.fl. þá er ég viss um að á ímynduðum heimslista yrði hann ekki neðar en í 20-40 sæti í sínum þyngdarflokki. Þá hef ég í huga þá staðreynd að Norðurlandaþjóðirnar eru mjög framarlega í Evrópu og eiga iðulega verðlaunahafa á HM og Evrópubúar hafa verið fremstir á HM um langt skeið.

Karl Gauti Hjaltason
formaður KAI.

# KARATEMENN ÁRSINS FRÁ 1985 - 1995.

Hér kemur listi yfir alla þá sem hafa hlotið útnefningu Karatesambandsins sem Karatemenn ársins, frá stofnun þess 1985.:

| ÁR | Nafn | Félag |
|---|---|---|
| 1985 | Árni Einarsson | KFR |
| 1986 | Árni Einarsson | KFR |
| 1987 | Árni Einarsson | KFR |
| 1988 | Sigurjón Gunnsteinsson | KFR |
| 1989 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1990 | Ómar Ívarsson | KFR |
| 1991 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1992 | Jónína Olesen | KFR |
| 1993 | Ásmundur Ísak Jónsson | Þórshamri |
| 1994 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1995 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |
| 1996 | ? ? | |

Árni Einarsson og Halldór Svavarsson, KFR, hafa báðir verið útnefndir 3 sinnum hvor, en alls hefur útnefningin farið fram 11 sinnum og 7 manns hlotið útnefninguna, 5 úr Karatefélagi Reykjavíkur, alls 9 sinnum, en 2 úr Karatefélaginu Þórshamri, einu sinni hvor.

# DÓMUR KARATEDÓMSTÓLS KAI

## *10. maí 1993.*

Eftir Íslandsmeistaramótið í Kata, 27. mars 1993, kærði Karatedeild U.M.F. Baldurs á Hvolsvelli til mótanefndar KAI "... framkvæmd Íslandsmeistaramótsins í Kata 1993 ...", eins og það er orðað í kærunni. Kæruatriði lutu að dómgæslu og var rökstutt þannig m.a. til Mótanefndar KAI:

"Dómgæslan stangast á við 10. gr. laga Karatesambands Íslands. Þar stendur ...
... Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm hið fæsta ...
... Það er nokkuð ljóst að öll úrslit í mótinu eru ógild, en okkar kæra beinist að kata karla, þar sem við áttum einn keppanda. Þá má benda mótsstjórn á 5. kafla, 17. gr. í lögum ÍSÍ., sem fjallar um almennar skyldur dómara".

Mótanefnd hélt fund með kærendum hinn 31. mars og reyndi sættir, sem voru árangurslausar, en tók síðan málið til úrskurðar og kvað upp úrskurð í málinu 5. apríl 1993 og er hér úrdráttur úr þeim úrskurði:

" ... Rök kæranda eru þau að samkvæmt 10. gr. regl. Ísl.m. skuli dómarar í úrslitum í kata vera fimm hið fæsta, á mótinu hinn 27. mars, hafi dómarar hins vegar einungis verið þrír.

... Á fundi 31. mars., var kærandi spurður að því hvers vegna hafi ekki verið mótmælt strax á mótinu sjálfu. Því svaraði kærandi til að almennt hafi menn ekki áttað sig á þessu á staðnum, keppandi þeirra hafi haft um annað að hugsa og kærufrestur væri eftir 14. gr. regl. Ísl.m. 48. klukkustundir, þannig að kæran væri réttilega fram komin. ... Samkvæmt skýrslu af mótinu voru dómarar allt mótið þeir Ólafur Wallevik, Stefán Alfreðsson og Ólafur Hreinsson, en aðaldómari var Ólafur Wallevik, sem af mótanefnd var settur aðaldómari mótsins".

**Niðurstaða**

" ... Reglurnar þarf því að skoða heilstætt og í samhengi. Þegar 18. gr. er skoðuð þá sést að í greininni er verið að fjalla um kærur í kumiteviðureignum. Mikil áhersla er lögð á að kært sé strax áður en viðureign lýkur og í síðasta lagi áður en dómari tilkynnir úrslit. Tilgangur þessa er augljóslega sá að koma í veg fyrir að breyta þurfi heyrinkunnum úrslitum og til þess að unnt sé að leiðrétta mistök í tíma, áður en einhver keppandi hefur verið lýstur sigurvegari, hvað þá að honum hafi verið afhent verðlaun. ... Hins vegar finnst engin sambærileg grein um kærur í kata. Ekki er þó óeðlilegt að sama regla gildi um kærur í kata, eins og í kumite.

Samkvæmt þessu verður með samanburðarskýringu á 14. gr. regl. Ísl.m. annars vegar og 18. gr. s.r. hins vegar, að líta svo á að ekki sé unnt að kæra ofangreint kæruefni eftir að úrslit hafa verið tilkynnt, sbr. orðalag 18. gr.

Eftir vitneskju mótanefndar og þátttökutilkynningu kæranda var enginn liðsstjóri fyrir kæranda á mótinu. ... Í 18. gr. regl. Ísl.m. er gert ráð fyrir að liðsstjórar sinni kærum, sbr. 6. gr. s.r.

Kærandi gerði engar athugasemdir við framkvæmd dómgæslu á mótinu sjálfu, hvorki skriflega né munnlega, frekar en aðrir keppendur eða forsvarsmenn félaga eða liða, sem ella hefði hugsanlega verið unnt að ráða bót á í tíma.

Það segir í 10. gr. regl. Ísl.m. að dómarar í úrslitum skuli ávallt vera fimm hið fæsta. Ljóst er að ekki var farið eftir þessari reglu á ofangreindu móti og er það mjög ámælisvert. ... Þetta ákvæði er til þess ætlað að minnka líkurnar á að einstakur dómari hafi í raun of mikil áhrif á stigagjöfina í heild. Það er (þó) skoðun mótanefndar að slíkt hafi ekki átt sér stað í úrslitum í kata karla.

Hins vegar má kenna viðvarandi dómaraskorti í Karate því að félögin hafa ekki sinnt því mikilvæga starfi að mennta dómara á sínum vegum. Í 6. gr. regl. Ísl.m. segir að hvert félag skuli tilnefna a.m.k. einn dómara á hverja 10 keppendur ... Kærandi í þessu máli sendi engan dómara á þetta mót, eins og reyndar mörg önnur minni félög.

Því þykir rétt, eftir öllum atvikum að hafna kröfu kæranda um að ógilt verði öll úrslit á Íslandsmeistaramótinu í Kata".

## ÚRSKURÐARORÐ:

**Kröfu U.M.F. Baldurs um að öll úrslit Íslandsmeistaramótsins í Kata 1993 verði ógilt, er hafnað.**

**Kæru vegna meintra brota á 17. gr. 5. kafla móta- og keppendareglna ÍSÍ er vísað frá.**

**B.Á.**
**K.G.H.**
**I.S.**

Þennan úrskurð mótanefndar kærði U.M.F. Baldur síðan til Dómstóls KAI., með bréfi, dags. 5. apríl 1993.

Hinn 15. apríl 1993 kom Dómstóll KAI saman í fyrsta skipti, en í hann höfðu þeir verið kjörnir á ársþingi 1993, Bjarni Ásgeirsson, Jón Ásgeir Blöndal og Konráð Stefánsson. Dómstóllinn kaus sér nú formann Bjarna Ásgeirsson.

Niðurstaðan var sú að kærunni var vísað frá, þar sem dómurinn taldi að krafna væri ekki getið nægilega og ekki getið aðila málsins á fullnægjandi hátt.

U.M.F. Baldur sendi þá inn nýja kæru, dags. 21. apríl 1993 og kom Dómstóllinn saman að nýju hinn 10. maí 1993 á skrifstofu KAI í Laugardal, þar sem málflutningur fór fram og fluttu þeir Kári Rafn Sigurjónsson málið fyrir hönd kæranda, en Karl Gauti Hjaltason fyrir hönd Mótanefndar. Að því loknu var kveðinn upp Dómur og fer hann hér á eftir í allri sinni lengd:

**"D Ó M U R"**

Aðilar eru sammála um málavexti eins og þeir koma fram í úrskurði mótanefndar. Dómstóllinn er sammála því sjónarmiði sem fram kemur í úrskurði mótanefndar að afleitt er að ekki var rétt staðið að framkvæmd mótsins, er ekki voru fimm dómarar í úrslitum heldur aðeins þrír. Vill dómurinn víta þá framkvæmd þar sem allar forsendur hefðu verið til staðar að hafa nægilega marga dómara.

Hins vegar bendir dómurinn á að Baldur Ungmennafélag gerði á mótinu sjálfu engar athugasemdir, sem rétt hefði verið. Með því að gera ekki athugasemd þá strax, verður að líta svo á að sóknaraðili hafi sætt sig við þrjá dómara í úrslitum.

Dómstóllinn vill beina því sérstaklega til mótanefndar að framvegis verði í úrslitum í Kata farið rækilega eftir þeim reglum sem fyrir þeim liggja og sérstaklega verði þess gætt að fjöldi dómara sé réttur.

Dómstóllinn telur að rétt hafi verið staðið að úrskurði mótanefndar dags. 5. apríl 1993 og ekki séu forsendur til að vísa málinu heim til nýrrar meðferðar og staðfestir úrskurð mótanefndar með vísan til forsenda hans.

**D Ó M S O R Ð**

***Staðfestur er úrskurður mótanefndar KAI, þar sem hafnað er kröfu U.M.F. Baldurs um að öll úrslit Íslandsmeistaramóts í Kata 1993 verði ógilt.***

Bjarni Ásgeirsson (sign)
Konráð Stefánsson (sign)
Jón Ásgeir Blöndal (sign)

# BIKARMÓT KAI, 25. APRÍL 1993.

Bikarmót KAI fór fram sunnudaginn 25. apríl 1993 í íþróttahúsi Hagaskóla kl. 14:00 til 16:00. Mótið var ákveðið með nokkuð skömmum fyrirvara, en forsvarsmenn félaganna lýstu þó yfir ánægju sinni með að fleiri mót yrðu haldin, fyrir utan Íslandsmót. Er í ráði að halda fleiri mót næsta vetur og byrja veturinn á móti í sama mánuði.

Keppendur voru 17 frá 5 félögum. Þessi fjöldi skýrist mest af því að KFR var á sama tíma með þjálfara sinni í heimsókn og Stjörnumenn og Baldur voru ekki með, þar sem langt var liðið fram á vorið og iðkendur í prófum.

Dómarar voru þeir Karl Gauti Hjaltason, Stefán Alfreðsson og Jón Ásgeir Blöndal, þá dæmdu Ingibjörg Júlíusdóttir í kata karla og Grímur Pálsson í kata kvenna.

***Helstu úrslit:***

**Kata kvenna:**

1. Ingibjörg Júlíusdóttir Þórshamar
2. Fanney Karlsdóttir Þórshamar
3. Jórunn Hansen Þórshamar
4. Rakel María Oddsdóttir Fylkir

**Kata karla:**

1. Grímur Pálsson Þórshamar
2. Ágúst Österby Karatefélagi Vesturbæjar
3. Magnús Eyjólfsson Breiðablik
4. Halldór Magnússon Breiðablik

**Kumite kvenna:**

1. Fanney Karlsdóttir Þórshamar
2. Rakel María Oddsdóttir Fylkir
3. Jórunn Hansen Þórshamar

**Kumite karla <4. kyu:**

1. Finnbjörn Finnbjörnsson Þróttur
2. Tryggvi Erlingsson Þórshamar
3. Ólafur Nielsen Breiðablik
4. Magnús Eyjólfsson Breiðablik

**Kumite karla >5. kyu:**

1. Hjalti Ólafsson Þróttur
2. Guðmundur Ketilsson Fylkir

## *"Bardagalistamót" í Colob æfingastöðinni í nóvember 1993.*

Hinn 27. nóvember 1993 fór fram svokallað "Bardagalistamót" á vegum Colob æfingastöðvarinnar, sem til húsa var í Ármúlanum í Reykjavík. Að öllu eðlilegu ætti umfjöllun um þetta mót ekki heima á síðum ársskýrslu KAI, en atvikin háttuðu því þannig að formaður KAI sá sig knúinn til þess að hafa afskipti af þessu máli.

Eftir þetta mót birtust myndasenur í sjónvarpi, þar sem sýnt var frá keppninni og spunnust út frá því miklar umræður, þar sem fólk taldi sig sjá þarna nokkurs konar Box og einnig vegna þess að sýnt var frá keppni ungra drengja og þótti fólki sem þarna væri verið að kenna börnum ofbeldi.

Í viðtölum og umfjöllun um kennarann, Guðna Guðnason, eiganda æfingastöðvarinnar, kom oft fram að hann teldi sig vera að kenna sína útgáfu af karate. Af þessum sökum dróst karate inn í umræðuna og þar kom að forsvarsmönnum karate þótti nóg um, enda gátu þeir ekki séð að þarna væri um sömu íþrótt að ræða.

Hinn 30. nóvember sendi formaður KAI fréttatilkynningu í nafni sambandsins.

Hún hljóðaði á þessa leið og var m.a. annars lesin upp í sjónvarpi:

> "Í þeirri umræðu, sem sprottið hefur upp vegna sýningar sjónvarpsins frá "bardagalistarkeppni" á vegum Colob æfingastöðvarinnar, hefur nafn karate nokkuð verið til umræðu og hefur Guðni Guðnason, rekstraraðili Colob látið hafa eftir sér að bardagalist sú, er hann kennir, sé mótuð m.a. út frá karate.
>
> Af þessu tilefni skal það tekið fram af hálfu Karatesambandsins að Guðni Guðnason hefur ekki hlotið neina gráðu í félögum á vegum Karatesambandsins, né er hann eða hefur verið meðlimur í félagi með aðild að sambandinu. Það er því ljóst að Karatesambandið getur ekki samþykkt kennsluaðferðir né annað það sem fram fer í ofangreindri æfingamiðstöð á meðan ekki er um aðild að sambandinu að ræða.
>
> Af tilburðum þeim sem sést hafa í sjónvarpi af keppni á vegum Colob, svo og kennsluaðferðum Guðna er erfitt að ímynda sér að Guðni eða æfingastöð hans eigi nokkurt erindi í Karatesamband Íslands, enda allir þjálfarar í Karatefélögunum með áralanga reynslu í markvissri kennslu barna og unglinga.
>
> Með hliðsjón af ofangreindu sætta karatemenn sig ekki við að Guðni Guðnason auglýsi sig í tengslum við nafn Karateíþróttarinnar."

Í framhaldi af þessari keppni og sýningu frá henni í sjónvarpi hófst lögreglan í Reykjavík til við að rannsaka hvort hér hafi verið um brot á lögum frá 1956, sem bönnuðu hnefaleika og var formaður KAI beðin um að gefa sitt álit á þessari keppni með hliðsjón af keppni í karate annarsvegar og í hnefaleikum hinsvegar.

Að mati formannsins, sem fram kom í bréfi hans, dags. 8. desember 1993 til lögreglunnar í Reykjavík, taldi hann það vera helst fjögur atriði sem unnt væri að benda á að væru ólík miðað við það sem þarna sást:

1. **Notkun þykkra, litaðra glófa.**
2. **Notkun "hnefaleikahrings",**
3. **Keppnin ekki stöðvuð, nema í lok tíma eða vegna meiðsla og**
4. **Högg "slegin í gegn" ef þannig bar undir.**

Það sem var líkt því sem er í karate var að hans dómi helst það að keppendur voru í svipuðum fatnaði og tíðkast í karate. Spörkin voru ekki lík, því í karate á að sparka að andstæðingi, en ekki í hann. Þá benti hann á að sumir keppendur voru með lituð belti um sig miðja og væri það einnig siður í karate.

# ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í KUMITE 1993

**Kumite karla -65kg**

1. Halldór Svavarsson KFR
2. Ásmundur Ísak Jónsson Þórshamri
3. Kjartan Nielssen Þórshamri

**Kumite karla -73kg**

1. Árni Þór Jónsson Breiðabliki
2. Matthías Matthíasson KFR
3. Ólafur Níelssen Breiðabliki

**Kumite karla -80kg**

1. Hjalti Ólafsson Þórshamri
2. Jón Ívar Einarsson KFR
3. Guðmundur Ketilsson Fylki

**Kumite karla +80kg**

1. Grétar Halldórsson KFR
2. Konráð Stefánsson KFR
3. Gunnar Júlíusson Þórshamri

**Kumite karla Opinn Sanbon**

1. Jón Ívar Einarsson KFR
2. Halldór Svavarsson KFR
3. Konráð Stefánsson KFR

**Kumite karla Opinn Ippon**

1. Grétar Halldórsson KFR
2. Hjalti Ólafsson Þórshamri
3. Karl Viggó Vigfússon Þórshamri

**Kumite kvenna Opinn Sanbon**

1. Jónína Olesen KFR
2. Guðbjörg Ragnarsdóttir KFR
3. María Magnúsdóttir Þórshamri

**Kumite kvenna Opinn Ippon**

1. Jónína Olesen KFR
2. Elín Einarsdóttir KFR
3. Edda Blöndal Þórshamri

**Sveitakeppni karla**

1. KFR
2. Þórshamar
3. KFR B-sveit

## Verðlaunaskiptingin:

| Röð | Félag | Gull | Silfur | Brons | Alls | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Karatefélag Reykjavíkur | 7 | 6 | 2 | 15 | 35 |
| 2 | Karatefélagið Þórshamar | 1 | 3 | 5 | 9 | 14 |
| 3 | Karatedeild Breiðabliks | 1 | | 1 | 2 | 4 |
| 4 | Karatedeild Fylkis | | | 1 | 1 | 1 |

# KYNNINGARÁTAK KAI
# Í SKÓLUM VORIÐ 1994.

Vorið 1994 sendi KAI bréf til fræðsluskrifstofunnar í Reykjavík og óskaði eftir því að fara af stað með kynningu á íþróttinni í skólum.

Reiknað var með því að KAI myndi bera allan kostnað af átakinu og leitaði KAI til félaganna um að útvega færa kennara til þessa verkefnis og voru undirtektir góðar.

Átakið varð nokkuð viðamikið og var víða farið, KAI stefndi að því frá upphafi að hafa fingurna í því hvaða kennarar færu í skólana og þá með það að markmiði að aðeins færustu þjálfarar færu.

Eftir átakið má segja að það hafi tekist frábærlega og þyrfti að endurtaka. Slík kynning verður bæði til þess að minnka fordóma gagnvart íþróttinni og einnig eru alltaf einhverjir sem koma og byrja að æfa eftir svona kynningar.

Hér kemur yfirlit yfir þá skóla sem farið var í og hverjir sáu um kynninguna á hverjum stað:

| | |
|---|---|
| **Hamraskóli, Grafarvogi,** | 12 tímar / 8 hópar / áætl. 150 manns. |
| Þjálfari.: | Sölvi Rafn Rafnsson. |
| **Flensborg, Hafnarfirði,** | 9 tímar / 9 hópar / 209 manns. |
| Þjálfari.: | Ásmundur Ísak Jónsson. |
| **Fossvogsskóli, Reykjavík,** | 10 tímar / 10 hópar / 325 manns. |
| Þjálfari.: | Grétar Halldórsson. |
| **Vogaskóli, Reykjavík,** | 5 tímar / 6 hópar / 210 manns. |
| Þjálfari.: | Jónína Olesen. |
| **Hlíðaskóli, Reykjavík,** | Óvíst um tíma / hópa / fjölda - ekki skýrslur. |
| Þjálfari.: | Jón Ásgeir Blöndal. |
| **Fjölbraut í Garðabæ,** | 5 tímar / 5 hópar / 175 manns. |
| Þjálfari.: | Grétar Halldórsson. |
| **Fjölbraut í Breiðholti,** | 2 tímar / 3 hópar / 50 manns - áætlað - ekki skýrslur. |
| Þjálfari.: | Ólafur Wallevik. |
| **Húsaskóli, Reykjavík,** | 14 tímar / 18 hópar / 333 manns. |
| Þjálfari.: | Sveinn Rúnar Ólafsson. |
| **Menntaskólinn við Sund,** | 5 tímar / 5 hópar / 150 manns áætl. |
| Þjálfari.: | Jónína Olesen. |

**Fjölbraut v/Ármúla,** Óvíst um tíma / hópa / fjölda - ekki skýrslur.
Þjálfari.: Jón Ásgeir Blöndal.

Þá fréttist að kynningu í Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi og á fleiri stöðum, þar sem haft var beint samband við næsta félag.

**Samantekt; u.þ.b. 2000 manns fengu kynningu í 10 skólum.**

# 21. LANDSMÓT UMFÍ,

# 14. - 17. JÚLÍ 1994

# Á LAUGARVATNI.

Að venju var Karate á dagskrá Landsmóts Ungmennafélaganna sumarið 1994, en mótið er haldið á 3ja ára fresti. Karate hefur áður verið sýningargrein á tveimur Landsmótum, á Húsavík og í Mosfellsbæ. Að þessu sinni voru örfáir keppendur í karate og allir frá HSK (Héraðssambandinu Skarphéðni).

Ef karate á í framtíðinni að vera meira en nafnið tómt á Landsmótum UMFÍ, þarf að gera íþróttina að keppnisgrein til stiga, þar nægir að keppa í 5 greinum, t.d. kata unglinga, kvenna og karla og kumite karla og kvenna. Það kom í ljós, eins og reyndar á Húsavík 1987 að áhugi héraðssambandanna er sáralítill, ef einhverju þarf að kosta til við þátttöku í sýningargreinunum. UMSK sem ávallt hefur á að skipa nokkrum Karatedeildum, tók ekki þátt í þetta skipti, en var t.d. með mjög fjölmennt lið í Mosfellsbæ.

***Úrslit:***

**<u>Kata kvenna:</u>**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Þorbjörg Tryggvadóttir | HSK |
| 2. | Jóna Bríet Guðjónsdóttir | HSK |
| 3. | Gunnþóra Steingrímsdóttir | HSK |

**<u>Kata karla:</u>**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ingólfur Snorrason | HSK |
| 2. | Birkir Jónsson | HSK |

**<u>Kumite kvenna:</u>**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Þorbjörg Tryggvadóttir | HSK |
| 2. | Jóna Bríet Guðjónsdóttir | HSK |
| 3. | Gunnþóra Steingrímsdóttir | HSK |

# ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KATA 1994.

**Kata kvenna**

1. Anna Markos KFR
2. Ingibjörg Júlíusdóttir Þórshamar
3. Edda Blöndal Þórshamar
4. Eydís L. Finnbogadóttir Þórshamar

**Kata karla**

1. Ásmundur Ísak Jónsson Þórshamar
2. Grétar Örn Halldórsson KFR
3. Árni Þór Jónsson Þórshamar
4. Kristján Guðjónsson Þórshamar

**Hópkata kvenna**

1. Þórshamar (Edda Blöndal, Ingibjörg Júlíusdóttir og Eydís L. Finnbogadóttir)
2. Selfoss (Jóna Briet Guðjónsd., Gunnþóra Steingrímsd. og Agnes B. Birgisdóttir)
3. Þórshamar (Margrét Guðjónsdóttir, Eva Hlín Alfreðsdóttir og Arna Óskarsdóttir)

Hópakata karla

1. Þórshamar (Ásm. Ísak Jónsson , Halldór Narfi Stefánsson og Jón Ingi Þorvalds.)
2. Þórshamar (Árni Þór Jónsson, Kristján Guðjónsson og Hinrik Haraldsson)

# ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KUMITE 1994.

Að þessu sinni var mótið haldið í íþróttahúsi Hagaskóla, laugardaginn 24. september 1994, en það var haldið svo snemma, vegna fyrirhugaðs Norðurlandamóts í Reykjavík í október.

Mótið markaði tímamót að því leyti að þetta var í fyrsta skipti í sögunni að Þórshamar sigraði KFR í sveitakeppni, en fram að þeim tíma hafði KFR ávallt unnið, fyrst í apríl 1982.

Halldór Svavarsson KFR, sem þó var með léttari mönnum á mótinu sigraði opna flokkinn og sinn þyngdarflokk og er óhætt að segja að hann hafi verið besti maður mótsins að öðrum ólöstuðum.

**Helstu úrslit:**

**Kumite karla -65kg**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Halldór Svavarsson | KFR |
| 2. | Gunnlaugur Sigurðsson | Haukum |
| 3. | Jóhannes Reynisson | KFR |

**Kumite karla -73kg**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Halldór Magnússon | Haukum |
| 2. | Hinrik Hoe | Þórshamri |
| 3. | Ari Sveinbjörnsson | KFR |

**Kumite karla -80kg**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Árni Þór Jónsson | Þórshamri |
| 2. | Jón Ingi Þorvaldsson | Þórshamri |
| 3. | Karl Viggó Vigfússon | Þórshamri |

**Kumite karla +80kg**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gunnar Júlíusson | Þórshamri |
| 2. | Konráð Stefánsson | KFR |
| 3. | Ingólfur Snorrason | Selfossi |

**Kumite karla Opinn Sanbon**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Halldór Svavarsson | KFR |
| 2. | Konráð Stefánsson | KFR |
| 3. | Ólafur Níelssen | Þórshamri |

**Kumite karla Opinn Ippon**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |
| 2. | Konráð Stefánsson | KFR |
| 3. | Ólafur Níelssen | Þórshamri |

**Kumite kvenna Opinn Sanbon**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 2. | Ása Ólafsdóttir | KFR |
| 3. | Fjóla Þorgeirsdóttir | KFR |

**Kumite kvenna Opinn Ippon**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 2. | Ása Ólafsdóttir | KFR |
| 3. | Inga Rós Skúladóttir | KFR |

Sveitakeppni karla

1. Þórshamar
2. KFR
3. Þórshamar B-sveit

Úrslitaviðureignin milli KFR og Þórshamars:

| Röð | Þórshamar | W | Vinn | Vinn | W | KFR | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Helgi Jóh. | 2 | 1 | 0 | 1 | Gunnar Halld. | 1 |
| 2 | Jón Ingi Þ. | 1 | 0 | 1 | 3 | Halldór Svavars. | 2 |
| 3 | Hjalti Ólafs. | 6 | 1 | 0 | 0 | Grétar Halldórs. | 3 |
| 4 | Karl Viggó | 1 | 0 | 1 | 2 | Konráð Stefáns. | 4 |
| 5 | Gunnar Júl. | 6 | 1 | 0 | 0 | Ólafur Hreins. | 5 |
| | | 16 | 3 | 2 | 6 | | |

# NORÐURLANDAMÓTIÐ

# Í REYKJAVÍK 1994.

Norðurlandamótið í Karate fór fram í Reykjavík í þriðja sinn í Laugardals-höllinni 29. október 1994. Áður hafði mótið verið haldið hérlendis 1985 og 1989. Þetta er langstæsti viðburður hérlendis í karate á hverju 5 ára tímabili. Næsta mót fer fram hér 1999, ef allar áætlanir standast.

Undirbúningur undir mótið fór fremur seint af stað, en þó voru haldnir undirbúningsfundir í byrjun september, en þá bar svo við að lítil mæting var frá félögunum og varð brátt ljóst að hætta væri á skorti á hæfu starfsfólki á mótinu. Allar leiðir voru reyndar til þrautar, en afar fátt fólk fékkst til að koma á undirbúningsfundi. Smám saman rættist þó úr og á mótinu sjálfu varð ekki vart við hnökra, heldur má segja að þetta hafi verið eitt best skipulagða NM hérlendis. Af reynslu minni af NM á hinum norðurlöndunum, get ég fullyrt að mótið hér skákar yfirleitt mótunum annar staðar að því er umgjörð og skipulagningu varðar. Ýmsar nýjungar voru teknar upp, svo sem að hólfa löndin af á vellinum og kom það vel út. Fyrir mótið voru keyptar dýnur á einn völl, en sökum þess hve dýnurnar voru nýlegar, var erfitt að notast við völlinn. Sjónvarpað var beint frá hluta úrslitanna og var búið að leggja mikla vinnu í að skipuleggja að þá yrðu skemmtilegustu glímurnar, en þá bar svo við að dómararnir settu í hægagang og virtust þeir kæra sig kollótta þótt verið væri að sýna lagfæringar á dýnum æ ofan í æ, í beinni útsendingu.

Á mótið mætti fullskipað lið frá Finnlandi, alls 20 manns, nokkru færra var frá Noregi eða 13 og fæstir voru frá Svíþjóð, 11 (þar af 3 dómarar), en Danir létu sig vanta á mótið og var þar um að kenna árekstrum er urðu á NM í Svíþjóð árinu áður.

Á mótinu fór fram fyrsta lyfjapróf á íslensku karatemóti og voru sýni tekin frá fjórum keppendum, þremur íslendingum og einum norðmanni og þarf ekki að orðlengja það að öll urðu sýnin neikvæð, þ.e.a.s. enginn þeirra hafði notað óleyfileg lyf.

Íslensku keppendurnir sem skráðir voru til leiks voru 16 talsins og voru:

**Jónína Olesen** (-60kg og sveit), **Eydís Líndal** (-60kg og sveit), **Edda Blöndal** (+60kg og sveit), **Inga Skúladóttir** (+60kg og sveit), **Ásmundur Ísak Jónsson** (kata), **Kristján Guðjónsson** (kata), **Gunnlaugur Sigurðsson** (-60kg), **Halldór Svavarsson** (-65kg og sveit), **Halldór Magnússon** (-65kg), **Jón Ingi Þorvaldsson** (-70kg og sveit), **Ólafur Nielssen** (-70kg), **Karl Viggó Vigfússon** (-75kg og sveit), **Konráð Stefánsson** (-75kg og sveit), **Hjalti Ólafsson** (-80kg og sveit), **Helgi Jóhannesson** (-80kg og sveit) og **Gunnar Júlíusson** (+80kg og sveit).

Að morgninum kepptum við fyrst í sveitakeppni karla á móti Finnum, en við höfðum ákveðið að úrslitakeppnin yrði milli okkar og Norðmanna eftir hádegið. Það kom mikið á óvart þegar við sigruðum Finna 3-2, sem verður að teljast ótrúlega góður árangur. Fyrirfram var ekki búist við að við hefðum mikið í þá að gera, en þeir eru með sveit á heimsmælikvarða (silfur á EM 1994). Halldór, Hjalti og Konráð unnu sínar viðureignir verðskuldað og var engin heppnisbragur á þessum sigri okkar manna, aðrir í sigursveitinni voru þeir Karl Viggó Vigfússon og Gunnar Júlíusson.

Síðar mættum við þunnu liði Svía, sem var skipað þremur mönnum og nægði okkur því að ná einu jafntefli, en þá kom engin heppni til skjalanna og töpuðum við 2-3 gegn harðsvíruðu liði Svíanna og það sama má segja um Norðmenn, þar töpuðum við líka gegn 3ja manna liði þeirra 2-3. Eftirá að hyggja má segja að við höfum aldrei verið jafn nálægt því að hljóta gullverðlaun á Norðurlandamóti, auðvitað að undanskildu verðlaununum hans Dóra 1989, því það eina sem þurfti var að ná einu jafntefli gegn Svíum eða Norðmönnum, þá vorum við nánast með gullið í höndunum. En það tókst sem sé ekki og getur verið langt að bíða þar til svona tækifæri gefst aftur. Finnar stóðu svo uppi sem sigurvegarar í sveitakeppninni og eina tap þeirra var tapið gegn íslensku strákunum.

Aðeins tveir Íslendingar, að frátaldri þessari sveitakeppni, gátu státað af góðum árangri, þeir Halldór Svavarsson, sem náði silfurverðlaunum í -65kg flokki og Ásmundur Ísak Jónsson, sem nældi sér í bronsverðlaun í kata karla.

Halldór gekk til úrslitaviðureignarinnar við erkifjandmann okkar á vellinum en þó góðvin okkar Íslendinga, Stein Rönning frá Noregi, með brotinn þumalfingur og mátti síns lítils þannig á sig kominn, en tapaði þó aðeins 6-2.

Ísak náði að skjóta einum erlendum keppanda afturfyrir sig og hlaut þriðja sætið í kata karla, þar sem keppendur voru fimm.

Karl Viggó og Konráð börðust um bronsið í -75kg flokki og hafði Viggó þar betur.

## Úrslit

**Kata karla.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Paul Kee | Svíþjóð |
| 2. | Svein E. Sandlien | Noregi |
| 3. | Ásm. Ísak Jónsson | Íslandi |

**Kata kvenna.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Anetta Nilson | Svíþjóð |
| 2. | Kristbjörg Larsen | Noregi |
| 3. | Linn Langdalen | Noregi |

**Kumite karla -65kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Stein Rönning | Noregi |
| **2.** | **Halldór Svavarsson** | **Íslandi** |
| 3. | Olli Ortiz | Finnlandi |

**Kumite karla -70kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Resa Mohseni | Svíþjóð |
| 2. | Stian Oldebråthen | Noregi |
| 3. | Tero Jauhainen | Finnlandi |

**Kumite karla -75kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Mads Kopperud | Noregi |
| 2. | Mika Niemenen | Finnlandi |
| 3. | Karl Viggó Vigfússon | Íslandi |

**Kumite karla -80kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sami Tiainen | Finnlandi |
| 2. | Mikko Raoutsalainen | Finnlandi |
| 3. | Gabriel Berg | Svíþjóð |

**Kumite karla +80kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sacha Petrovic | Svíþjóð |
| 2. | Kim Waenerberg | Finnlandi |
| 3. | Jussi Keskinen | Finnlandi |

**Kumite kvenna -60kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tarva Marianne | Finnlandi |
| 2. | Maija Ijäs | Finnlandi |
| 3. | Annika Eriksson | Svíþjóð |

**Kumite kvenna +60kg.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Karin Olsson | Svíþjóð |
| 2. | Janne Jacobsen | Noregi |
| 3. | Sari Laine | Finnlandi |

**Kumite kvenna Opinn flokkur.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Karin Olsson | Svíþjóð |
| 2. | Sari Laine | Finnlandi |
| 3. | Maija Ijäs | Svíþjóð |

**Kumite karla Opinn flokkur.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jarle Sorken | Noregi |
| 2. | Mikko Raoutsalainen | Finnlandi |
| 3. | Sacha Petrovic | Svíþjóð |

**Sveitakeppni kvenna.**

1. Finnland
2. Noregur
3. Svíþjóð

**Sveitakeppni karla.**

1. Finnland
2. Svíþjóð
3. Noregur

## Verðlaunaskiptingin.

| Land | Gull | Silfur | Brons | Stig |
|---|---|---|---|---|
| Finnland | 4 | 6 | 5 | 29 |
| Svíþjóð | 6 | 1 | 4 | 24 |
| Noregur | 3 | 5 | 2 | 21 |
| Ísland | - | 1 | 2 | 4 |

# ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í KUMITE 1995

Mótið fór fram í Smáranum í Kópavogi 14. október 1995.

Á mótinu tryggðu Þórshamarsmenn sig í sessi frá árinu áður, þar sem þeir náðu að merja fram sigur á sveit KFR í fyrsta skipti. Þórshamar nældi sér í flest verðlaunin á mótinu að þessu sinni. Atkvæðamestur á mótinu var Hjalti Ólafsson, sem náði í þrjú gull, í -80kg flokki, opnum flokki og í sveitakeppninni með sveit Þórshamars. Haukarnir komu einnig sterkir til leiks og náðu góðum árangri. Önnur félög voru atkvæðaminni, en Konráð hélt uppi heiðri KFR.

Dómarar mótsins veittu Ásmundi Ísak sérstök verðlaun fyrir góða frammistöðu.

**Helstu úrslit:**

Kumite karla -65kg

1. Ásmundur Ísak Jónsson — Þórshamri
2. Gunnlaugur Sigurðsson — Haukum
3. Haraldur Örn Haraldsson — Haukum

Kumite karla -73kg

1. Jón Ingi Þorvaldsson — Þórshamri
2. Bjarni Kærnested — Þórshamri
3. Níels Sveinsson — Haukum

Kumite karla -80kg

1. Hjalti Ólafsson — Þórshamri
2. Árni Þór Jónsson — Þórshamri
3. Ólafur Níelssen — Þórshamri

Kumite karla +80kg

1. Karl Viggó Vigfússon — Haukum
2. Ingólfur Snorrason — Selfossi
3. Konráð Stefánsson — KFR

Kumite karla, Opinn flokkur Sanbon

1. Hjalti Ólafsson — Þórshamri
2. Karl Viggó Vigfússon — Haukum
3. Konráð Stefánsson — KFR

Kumite kvenna Opinn flokkur Sanbon

1. Edda Blöndal — Þórshamri
2. Eydís Líndal Finnbogad. — Þórshamri
3. Sólveig Krista Einarsdóttir — Þórshamri

Sveitakeppni karla

1. Þórshamar
2. Karatedeild Hauka
3. Þórshamar, B-sveit

Úrslitaviðureignin milli Þórshamars og Hauka:

| Röð | Þórshamar | W | Vinn | Vinn | W | Haukar | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hjalti Ólafs. | 7 | 1 | 0 | 0 | Haraldur Haralds. | 1 |
| 2 | Jón Ingi Þor. | 0 | 0 | 1 | 1 | Niels Sveinsson | 2 |
| 3 | Bjarni Kærn. | 3 | 1 | 0 | 0 | Héðinn Valþórs. | 3 |
| 4 | Ásm. Ísak J. | 5 | 1 | 0 | 0 | Gunnlaugur Sig. | 4 |
| 5 | Ólafur Níels. | 1 | 0 | 1 | 6 | Karl Viggó Vigf. | 5 |
| | | 16 | 3 | 2 | 7 | | |

Verðlaunaskiptingin:

| Röð | Félag | Gull | Silfur | Brons | Alls | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Karatefélagið Þórshamar | 6 | 3 | 3 | 12 | 27 |
| 2 | Karatedeild Hauka | 1 | 3 | 2 | 6 | 11 |
| 3-4 | Karatedeild U.M.F. Selfoss | | 1 | | 1 | 2 |
| 3-4 | Karatefélag Reykjavíkur | | | 2 | 2 | 2 |

# ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í KATA 1996

Íslandsmótið fór að þessu sinni fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði, laugardaginn 23. mars 1996.

<u>**Helstu úrslit:**</u>

<u>Kata karla.</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | **Ásmundur Ísak Jónsson** | Þórshamri | 26,2 stig |
| 2. | Atli Erlendsson | KFR | 26,2 stig |
| 3. | Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson | KFR | 26,0 stig |
| 4. | Árni Þór Jónsson | Þórshamri | 25,6 stig |
| 5. | Bjarni Kærnested | Þórshamri | 25,5 stig |

<u>Kata kvenna.</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | **Edda Blöndal** | Þórshamri | 25,8 stig |
| 2. | Dagný Ósk Ásgeirsdóttir | Hamri | 25,5 stig |
| 3. | Ingibjörg Júlíusdóttir | Þórshamri | 25,4 stig |
| 4. | Ása Ólafsdóttir | KFR | 25,4 stig |
| 5. | Björk Ásmundsdóttir | Þórshamri | 25,2 stig |

<u>Hópkata kvenna.</u>

1. **Þórshamar** 25,5 stig
   Ingibjörg Júlíusdóttir, Eydís Líndal og Edda Blöndal.
2. Karatefélag Reykjavíkur 25,2 stig
   Ása Ólafsdóttir, Inga Sonja Emilsdóttir og Fjóla Þorgeirsdóttir
3. Þórshamar, B-lið 24,5 stig
   Björk Ásmundsdóttir, Sólveig Krista Einarsdóttir og Lára Pálsdóttir

<u>Hópkata karla.</u>

1. **Þórshamar** 26,1 stig
   Ásmundur Ísak Jónsson, Árni Þór Jónsson og Jón Ingi Þorvaldsson.
2. Karatefélag Reykjavíkur 25,9 stig
   Lárus Welding Snorras., Bjarki Birgis. og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson
3. Þórshamar, B-lið 25,1 stig
   Bjarni Kærnested, Sigþór Markússon og Erlingur Guðleifsson

# ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í KATA 1995

Íslandsmótið fór að þessu sinni fram í íþróttahúsi Vals, laugardaginn 1. apríl.

**Helstu úrslit:**

Kata karla.

1. Grétar Halldórsson KFR
2. Ásmundur Ísak Jónsson Þórshamri
3. Árni Þór Jónsson Þórshamri

Hópkata kvenna.

1. Þórshamar
2. Karatefélag Reykjavíkur
3. Þórshamar, B-lið

Kata kvenna.

1. Jónína Olesen KFR
2. Edda Blöndal Þórshamri
3. Ingibjörg Júlíusdóttir Þórshamri

Hópkata karla.

1. Þórshamar
2. Þórshamar, B-lið
3. Karatefélag Reykjavíkur

# 10. ÁRA AFMÆLISMÓT KAI

# 28. FEBRÚAR 1995

**10. Ára afmælismót KAI, 28. febr. 1995.**

## Kumite Kvenna, opinn flokkur.

| Röð | Nafn | Félag | Sólveig | Elísabet | Sara | Vinningar | Skor |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Edda Blöndal | **Þórshamri** | | 1 - (2 -0) | 1 - (5- 1) | 2 | 7 - 1 |
| 2 | Eydís Líndal | Þórshamri | 0 - (0- 2) | | 1 - (3- 0) | 1 | 3 - 2 |
| 3 | Sólveig Krista Einarsdóttir | Þórshamri | 0 - (1- 5) | 0 - (0- 3) | | 0 | 1 - 8 |

Verðalunaskiptingin á Mótinu:

| Roð | Félag | Fjöldi keppenda | Gull | Silfur | Brons | Fjöldi Verðlauna | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | **Karatefélagið Þórshamar** | **11** | **3** | **3** | **1** | **7** | **16** |
| 2-3. | **Karatedeild Hauka** | **2** | | | **1** | **1** | **1** |
| 2-3. | **Karatefélag Reykjavíkur** | **2** | | | **1** | **1** | **1** |
| 4. | **Karatefél. Þórsh. Akranesi** | **2** | | | | **0** | **0** |

Dómarar voru þeir: Ólafur Wallevik,
Karl Gauti Hjaltason og
Helgi Jóhannesson.

Keppt var í Íþróttahúsi Hauka í Hafnarfirði.

# 10. Ára afmælismót KAI, 28. febr. 1995.

## Kumite Karla + 75 kg.

Gunnar Júlíusson, Þórshamri 6
Konráð Stefánsson, KFR 2
Gunnar Júl. Þórsh. 2
Tryggvi Erlingsson, Þórshamri 0
Gunnar Júl. Þórsh 0

Hjalti Ólafsson, Þórshamri 5
Bjarni Kærnested, Þórshamri 0
Hjalti Ól. Þórsh. 2
Guðmundur Geir Sigurðsson, Þórshamri 1
Hjalti Ól., Þórsh. 2

Hjalti Ólafsson, Þórshamri

Bjarni Kær. Þórsh K
Guðmund. Þórsh. 6
Konráð KFR 6
Guðm. Þórsh. H
Konráð St. KFR

**3ja sæti.**

Konráð Stefánsson KFR 6
Tryggvi Erlingsson Þórsh K
Konráð Stefánsson, KFR

| ÚRSLIT | AFMÆLISMÓT KAI 1995 |
|---|---|
| 1. Hjalti Ólafsson | Þórshamri |
| 2. Gunnar Júlíusson | Þórshamri |
| 3. Konráð Stefánsson, | KFR |
| 4. Guðmundur Sigurðsson, | Þórshamri |

# 10. Ára afmælismót KAI, 28. febr. 1995.

## Kumite Karla - 75 kg.

**Fyrsta umferð**

- Michael Madsen Akranesi 1 – Haraldur Örn Haraldsson Haukum 4
- Matthías Matthíasson KFR 2 – Ólafur Nielsen Þórshamri 6
- Gunnlaugur Sigurðsson Haukum 6 – Hrafn Ásgeirsson Akranesi 0
- Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamri 2 – Ásmundur Ísak Jónsson, Þórshamri 1

**Önnur umferð**

- Haraldur H. Hauk 1 – Ólafur Niels. Þórsh 3
- Gunnl. Sig. Hauk 2 – Jón Ingi Þ. Þórsh. 3

**Úrslitaglíma**

- Ólafur Nielsen 3 – Jón Ingi, Þórsham. 5
- Jón Ingi Þorvaldsson, Þórshamri

**Uppreisnarglímur**

- Matthías Matthías. KFR 5 – Haraldur Örn Haukum 3 → Matthías Matth. KFR
- Gunnlaugur Hauk. 3 – Ísak Jóns. Þórsh. 2 (3ja sæti)
- Matth. KFR 1 – Gunnl. Hauk 3 → Gunnlaugur Hauk

| ÚRSLIT | AFMÆLISMÓT KAI 1995 |
|---|---|
| 1. Jón Ingi Þorvaldsson, | Þórshamri |
| 2. Ólafur Nielsen, | Þórshamri |
| 3. Gunnlaugur Sigurðsson, | Haukum |
| 4. Matthías Matthíasson, | KFR |

# STIKLAÐ Á STÓRU.

## Karatepósturinn.

Stefán Alfreðsson, sem sat í stjórn KAI í upphafi kjörtímabilsins stóð að útgáfu blaðs um málefni Karate og nefndist því fróma nafni "**Karatepósturinn**".

KAI styrkti útgáfu blaðsins, enda allt of lítið um útgáfustarfsemi í karate. Blaðið kom út vorið 1993 og aftur í janúar 1995

## Húsgagnakaup.

Í febrúar 1993 fengum við úthlutað nýrri skrifstofuaðstöðu í Húsi IV í Laugardalnum (því nýjasta) og deilum þeirri aðstöðu með Tennissambandi Íslands (TSÍ).

Í tengslum við flutninginn var ráðist í að kaupa fleiri húsgögn, en áður höfðum við átt húsgögn með STÍ og SÍL, og var keyptur nýr skápur (nú eigum við tvo) og fundarborð, stólar og skrifborð og má sjá kostnaðinn við þetta á Efnahagsreikningnum.

Hitt er svo annað mál að gömlu meðeigendur okkar hafa hins vegar ekki sinnt áskorunum okkar um að greiða okkur hlut KAI í gömlu húsgögnunum eða afhenta okkur okkar hlut. Frá þeim hefur ekki heyrst hósti né stuna þrátt fyrir bréfasendingar.

## Dýnur á keppnisvöll.

Margoft hefur verið talað um að KAI þyrfti að eignast keppnisdýnur til þess að nota á mótum. Loks varð af því að KAI fjárfesti í dýnum í september 1994 í tengslum við Norðurlandamótið, sem þá fór fram í Reykjavík.

Þessar dýnur hafa verið lánaðar til félaganna og voru Þórshamarsmenn með þær um tíma, en þær eru nú hjá KFR. Ætlunin er að lána þær til skiptist til félaganna, nokkra mánuði í senn. Það hefur þó viljað bera á því að þær hafi látið á sjá og er rétt að ítreka það hér við leigutaka að fara vel með þær. Ónýtar dýnur nýtast okkur ekki. Kannski má velta því hér upp hvort ekki sé rétt að geyma þær bara og nota einungis á mótum. Þá endast þær a.m.k. betur og eru alltaf til taks á mótum.

Með núverandi fyrirkomulagi fylgir einnig nokkur kostnaður, þegar dýnurnar eru fluttar á milli staða.

## Nýr verðlaunapeningur KAI.

Það hefur lengi verið draumur okkar að eiga 3-4 verðlaunapeningasett til þess að grípa í til skiptist, þannig að eitthvað úrval væri t.d. einn á katamótin, annan á kumitemótin, Íslandsmót, UM o.s.frv.

Fyrir jólin 1995 var loks samið við þann ágæta karatemann og listateiknara (hann teiknaði merki NM 1994), Gunnar Júlíusson og hann beðin um að teikna tvo nýja

verðlaunapeninga fyrir KAI. Gamli peningurinn er frá því 1984 og margir eiga hauga af honum. Gunnar var þó önnum kafinn um þetta leyti og það var ekki fyrr en í febrúar, sem teikningin var fullbúin og þá var drifið í því að gera stanz eftir henni, en þrátt fyrir hröð handtök tókst ekki að afhenda þessa glæsilegu peninga á Kata mótinu í vor. Þeim var svo komið til skila nokkrum dögum seinna og ekið í félögin eða beint til verðlaunahafanna.

Það er von stjórnar KAI að vel hafi til tekist, ella verðum við að fá tillögur frá fólki um næsta pening.

## Raffi Liven.

Í tengslum við Íslandsmeistaramótið í Kata 1996, ákvað stjórn Kai í samráði við landsliðsþjálfara að gera róttæka tilraun til þess að fá áhorfendur til þess að koma á mót, en það hefur viljað brenna við að fáir koma á mótin.

Landsliðsþjálfari talaði við Ísraelskann kappa, Raffi Liven, sem hefur áunnið sér frægð við að brjóta múrsteina og girðingarstaura, svo glerflöskur og féllst hann á að koma hingað og sýna á mótinu.

Daginn fyrir mótið kom hann fram í sjónvarpi (Dagsljósi) og sýndi þar listir sínar og heyrðist manni fólk gera góðan róm að þessari annars ófögru iðju hans.

Á mótið daginn eftir mætti svo nokkur fjöldi áhorfenda, ca. 300 manns, og er langt síðan svo margir hafa látið sjá sig á karatemóti, en undirritðum minnir að um 500 manns hafi komið á svokallað Vígaíþróttamót 1982 eða 83, þar sem Shotokan menn kepptu við alls kyns fjöllistamenn af Keflavíkurflugvelli og úr Keflavík (og unnu auðvitað 13-2).

Á meðan á sýningu Raffi stóð var dauðaþögn í húsinu, slík var stemmingin og eftir að hann hafði brotið yfir 30 múrsteina og þónokkra girðingarstaura var klappað langa stund og var stemmingin með því allra besta, sem unnt er að hugsa sér.

Eftir þessa ágætu tilraun höfum við margt lært og er líklegt að framhald verði á að fá hingað menn sem trekkt gætu á karatemótin, en það er jú einnig okkar tilgangur að kynna íþróttina fyrir sem flestum. Hins vegar sást á þessari tilraun að það er ekki heiglum hent að ná áhorfendum á mót, slíkt er fjölmiðlafárið á öllum sviðum og erfitt að koma sínu að í allri auglýsingasúpunni sem dynur linnulaust á landsmönnum.

Karl Gauti Hjaltason

# BIKARMÓT KAI 1996.

Nýráðinn landsliðsþjálfari hrinti af stað fyrstu tveimur Bikarmótunum í röð fjögurra slíkra á árinu. Fyrsta mótið fór fram 9. mars, en það síðara 27. apríl 1996. Þátttaka var með skásta móti miðað við að á mótin mættu einungis þeir sem eru í fremstu röð. Keppt er í tveimur þyngdarflokkum karla og einum opnum flokki kvenna. Ætlunin er að stigahæstu í hvorum flokki (karla og kvenna) fái eignarbikara.

### *I. Bikarmót 9. mars 1996.*

| -74kg | | | +74kg | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Bjarni Kærnested | Þórshamri | 1 | Jón Ingi Þorvalds. | Þórshamri |
| 2 | Árni Ívarsson | KFR | 2 | Ingólfur Snorrason | Selfossi |
| 3 | Kristján Hilmars. | Selfossi | 3 | Ólafur Níelssen | Þórshamri |

| Kvennaflokkur | | |
|---|---|---|
| 1 | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 2 | Ása Ólafsdóttir | KFR |
| 3 | Sólveig Einarsdóttir | Þórshamri |

### *II. Bikarmót 27. apríl 1996.*

| -74kg | | | +74kg | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Róbert Axelsson | Stjarnan | 1 | Ingólfur Snorrason | Selfossi |
| 2 | Kristján Hilmars. | Selfossi | 2 | Ólafur Níelssen | Þórshamri |
| 3 | Ari Sveinbjörnsson | KFR | 3 | Konráð Stefánsson | KFR |

| Kvennaflokkur | | |
|---|---|---|
| 1 | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 2 | Eydís Líndal | Þórshamri |
| 3 | Fjóla Þorgeirsdóttir | KFR |

Staðan eftir Bikarmót I og II - 1996 :

Kvennaflokkur

| | | |
|---|---|---|
| Edda Blöndal | Þórshamri | 10. stig |
| Eydís Líndal | Þórshamri | 3. stig |
| Ása ólafsdóttir | KFR | 3. stig |
| Fjóla Þorgeirssdóttir | KFR | 2. stig |
| Sólveig Einarsdóttir | Þórshamri | 2. stig |

Karlaflokkur

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Snorrason | Selfossi | 8. stig |
| Ólafur Níelssen | Þórshamri | 5. stig |
| Bjarni Kærnested | Þórshamri | 5. stig |
| Jón Ingi Þorvaldsson | Þórshamri | 5. stig |
| Róbert Axelsson | Stjörnunni | 5. stig |
| Kristján Hilmarsson | Selfossi | 5. stig |
| Árni Ívarsson | KFR | 3. stig |
| Konráð Stefánsson | KFR | 2. stig |
| Ari Sveinbjörnsson | KFR | 2. stig |

# NÝR LANDSLIÐSÞJÁLFARI.

***Halldór Svavarsson KFR, ráðinn frá 1. jan. 1996.***

Hinn 27. janúar 1996 var undirritaður samningur um landsliðsþjálfun milli KAI og Halldórs Svavarssonar, KFR.

Samningurinn gildir til áramóta 1996-7, en framlengist sjálfkrafa til áramóta 1997-8, nema annar aðili segir honum upp. Hins vegar lýkur ráðningunni 31. desember 1997 nema nýr samningur verði þá gerður.

Eftir NM 1994 í Reykjavík lauk ráðningu Ólafs Wallevik, sem landsliðsþjálfara og var KAI landsliðsþjálfaralaust frá hausti 1994 til ársloka 1995 eða í rúmt ár. Stjórn KAI afréð að haga þessu þannig, þar sem bæði var fjármagn af skornum skammti eftir NM, sem reyndist dýr framkvæmd og einnig var þá ekki neinn íslenskur karatemaður á lausu, sem stjórnin treysti til verksins. Að ráða erlendan þjálfara kom vissulega til greina, en peningastaða leyfði ekki þann kost.

Þá hafi Ólafur lýst því yfir, er samningur hans var framlengdur, frá 30. apríl 1993, að hann stefndi að því að gera góða hluti á NM 1994, en hætta eftir það, og taldi stjórnin að hann hefði verið búinn að skila ágætis verki, en hins vegar væri endurráðning hans ekki inn í stöðunni, fyrir margra hluta sakir. Þegar Ólafur hætti, hafði hann gengt starfinu frá 1. maí 1991 eða í 3 og hálft ár. Stjórn KAI vill þakka honum samstarfið og má með sanni segja að Ólafur hafi lagt sitt af mörkum til þess að auka árangur íslenskra karatemanna á tímabilinu, þótt oft á tíðum hafi framfarirnar ekki komið í dagsljósið fyrr en seinna. Hann tók við fremur slæmu búi 1991 og vann að því að byggja upp unglingalandslið og geta margir af þeim mönnum, sem nú eru fremstir í landsliðshópnum rakið upphaf þátttöku sinnar í landsliðinu til þess tíma.

Halldór Svavarsson er óþarfi að kynna fyrir karatefólki, hann hóf æfingar 1983 í KFR og hefur keppt fyrir Íslands hönd allar götur síðan 1985 og er fyrsti og eini íslenski Norðurlandameistarinn og hefur þrisvar sinnum verið útnefndur karatemaður ársins.

Samningurinn við Halldór er á svipuðum nótum og fyrri samningur við Ólaf Wallevik, með nokkrum smávægilegum breytingum. T.d. er kata þjálfun ekki með í samningnum. Þjálfari skal halda æfingar á tveggja vikna fresti allt árið, að frádregnu sumarfríi í tvo mánuði og halda skal sérstakar æfingar fyrir mót.

Óhætt er að segja að stjórn KAI sé mjög ánægð með upphaf samstarfsins við Halldór og hefur hann sýnt mikinn dugnað og skipulagningu við vinnu sína. Þá hefur hann að mestu séð sjálfur um framkvæmd Bikarmótanna og hefur hann haldið tvo mót á árinu sem er að líða. Halldór hefur verið mjög drífandi við þjálfun landsliðsins og væntir núverandi stjórn KAI, þess að áframhald verði á samstarfi við Halldór.

# YFIRLIT YFIR KEPPNISFERÐIR

## 1993 til 1996.

**EM junior 1993.**

Þeir Hjalti Ólafsson og Ólafur Wallevik, þáverandi landsliðsþjálfari fóru á Evrópumót unglinga 1993, sem var haldið í Wales í febrúarbyrjun 1993. Hjalti keppti í -75kg flokki og þurfti að létta sig verulega til þess að ná þátttöku. Það er skemmst frá því að segja að hann tapaði í fyrstu umferð og var þar með úr leik.

**Opna Luxemborgarmótið mars 1993.**

Þeir Hjalti Ólafsson og Halldór Svavarsson, fóru til Luxemborgar 5. mars 1993. Þeir töpuðu báðir í fyrstu umferð. Mótið var óvenjulegt að því leyti að sigurvegarar fengu peningaverðlaun.

**Evrópuferð landsliðsins og Opna Hollenska 1993.**

Dagana 2. -6. apríl 1993 hélt landsliðið ásamt Ólafi Wallevik landsliðsþjálfara í Evrópureisu og var fyrst flogið til Luxemborg og þaðan haldið til Hollands til þess að taka þátt í Opna Hollenska meistaramótinu. Þeir sem fóru með í þessa ferð voru þeir Jón Ívar Einarson, Halldór Svavarsson, Gunnar Júlíusson, Sölvi Rafnsson og Hjalti Ólafsson.

Skemmst er frá því að segja að á mótinu gekk íslendingunum frekar illa nema Hjalta Ólafssyni, sem komst alla leið í úrslitaglímu um 3ja sætið, sem hann tapaði og lenti því í 5 sæti, þar sem tveir keppendur hlutu bronsverðlaun, en þessi háttur er hafður á stórum mótum eins og þessu.

Á mánudeginum var haldið til Belgíu, þar sem keppt var við óopinbert landslið Belga, sem var að sögn ansi skrautlegt og á ýmsum aldri. Keppt var tvær umferðir tvisvar 5 glímur. Hjalti og Halldór unnu báðar sínar glímur og vann Ísland að lokum naumlega 5-4.

Næst var haldið til Luxemborgar og var þá farið að gæta þreytu meðal Íslendinganna. Þar var keppt við landslið heimamanna og sterkt félagslið frá Þýskalandi. Íslendingar töpuðu gegn báðum þessum liðum.

**NM Svíþjóð 1993.**

Mótið fór fram í Vesterás í Svíþjóð 30. október 1993. Á mótið fóru þeir Halldór Svavarsson, Konráð Stefánsson, Árni Þór Jónsson, Jón Ívar Einarsson, Guðmundur Ketilsson, Gunnar Júlíusson, Stefán Alfreðsson (dómari) og Ólafur Wallevik, landsliðsþjálfari, eða alls 8 manns frá Fróni.

Íslendingar kepptu einungis í einstaklingsflokkum. Árni keppti í -65kg, Guðmundur í -70kg Jón Ívar í -75kg og Gunnar í +80kg og Opnum flokki. Þá keppti Halldór í -65kg flokki og sigraði tvo fyrstu andstæðinga sína, en tapaði fyrir þeim þriðja, hann fékk uppreisn, en tapaði og hafnaði því í fjórða sæti.

Konráð Stefánsson keppti í -75kg flokki og í Opnum flokki Ippon. Honum gekk vel í -75kg flokknum, vann tvo fyrstu mótherja sína, en var óheppinn að tapa í þriðju viðureign sinni. Er tíminn var úti, var jafnt 2-2, hann var síðan óheppinn í framlengingu og fékk refsistig fyrir of mikla snertingu og tapaði. Konráð keppti því um þriðja sætið og sigraði, þó sú frétt hafi ekki borist fyrr en heim var komið.

Samantekt: ***Konráð brons í -75kg flokki.***

## Evrópumótið í Okinawa Goju Ryu, desember 1993.

Konráð Stefánsson og Halldór Svavarsson fóru á vegum KFR. Mótið var haldið í Oxford, Englandi. Það er skemmst frá því að segja að báðir höfnuðu þeir í þriðja sæti í sínum þyngdarflokki í flokki Dan gráða.

Samantekt: ***Halldór brons í -65kg flokki Dan gráða***
***Konráð brons í -75kg flokki Dan gráða.***

## Opnið Finnskt mót í febrúar 1994.

Mótið var í Finnlandi í febrúar og keppti Halldór Svavarsson á því. Á mótinu voru allir landsliðmenn í Finnska landsliðinu og eftir mótið var Halldóri boðið að keppa með Finnska landsliðinu, en hann var þá við nám og æfingar í Finnlandi.

Samantekt: ***Halldór silfur í -65kg og fighter price verðlaun.***

## Opna Sænska meistaramótið 1994.

Mótið var haldið í Stokkhólmi og fóru þau Halldór Svavarsson, Edda Blöndal, Helgi Jóhannesson, Gunnlaugur Sigurðsson, Jón Ingi Þorvaldsson og Hjalti Ólafsson. Einnig fór Ólafur Wallevik á mótið sem þjálfari. Hjalti Ólafsson stóð sig best íslensku keppendanna og náði bronsi í -80kg flokki og silfri í opnum flokki.

Samantekt: ***Hjalti brons í -80kg flokki og silfur í opnum flokki.***

**Opna Hollenska, apríl 1994.**

Á mótið fóru þeir Ólafur Wallevik, Halldór Svavarsson, Hjalti Ólafsson og Ásmundur Ísak Jónsson. Enginn markverður árangur náðist á mótinu.

**Genshi-Kan eða Opna Danska 1994.**

Á mótið fóru þeir Halldór Svavarsson, Ásmundur Ísak Jónsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Edda Blöndal, Konráð Stefánsson, Karl Viggó Vigfússon og Ólafur Wallevik. Keppendur fóru á mótið á eigin kostnað. Ólafur fór á mótið sem dómari.

Samantekt: ***Halldór brons í -65kg flokki.***
***Karl Viggó brons í -75kg flokki.***

**Norðurlandamótið 1994.**

Mótið fór fram í Reykjavík og segir nánar frá því annar staðar í skýrslunni. Helsti árangur okkar var sá að við unnum Finna í sveitakeppninni 3-2, sem verður að teljast frábær árangur og Halldór keppti til úrslita í -65kg flokki og lenti í 2 sæti og Ásmundur Ísak komst í þriðja sætið í Kata karla.

Samantekt: ***Halldór silfur í -65kg flokki.***
***Ísak brons í kata karla.***
***Sigur í liðakeppni gegn landsliði Finna 3-2.***

**Liven Cup, Danmörku 1995.**

Mótið var haldið í Árósum í lok janúar. Einn keppandi fór fyrir Íslands hönd, Hjalti Ólafsson. Hann sigraði 5 andstæðinga sína í -80kg flokki og náði gullverðlaunum. Keppendur í flokknum voru 40, en á mótinu kepptu rúmlega 100 manns.

Samantekt: ***Hjalti Gull -80kg flokki.***

**Opið Finnskt mót 1995.**

Á opnu Finnsku móti, sem haldið var síðla vetrar 1995 kepptu þeir Halldór og Hjalti. Hvorugur náði verðlaunasæti, en Hjalti endaði í fjórða sæti, eftir að hafa tapað glímu sinni um þriðja sætið í +75kg flokki.

## Opna Hollenska 1995.

Það hefur verið venja að senda íslenska karatemenn á Opna Hollenska um langt árabil, bæði þar sem mótið gefur góða reynslu og er hæfilega sterkt. Að þessu sinni fór mótið fram í Utrecht, 9 - 10. apríl 1995.

Tveir íslenskir keppendur voru sendir á mótið, þeir Halldór Svavarsson og Hjalti Ólafsson, en að auki fór Ólafur Wallevik með sem þjálfari.

Halldór keppti í -65kg flokki og vann fyrstu tvær glímurnar, en datt út í þriðju umferð. Hjalti keppti í -80kg flokki, vann fyrstu glímu, en tapaði þeirri næstu og fékk ekki uppreisn. Um 600 keppendur voru skráðir á mótið.

## Þýska Bradbramsted mótið apríl 1995.

Hjalti Ólafsson keppti á Þýska mótinu Badbramsted og hlaut silfurverðlaun í sveitakeppni, en hann keppti með þýsku félagslið. Hjalti vanna allar sínar glímur í sveitakeppninni, alls 6 glímur. Á mótinu kepptu 10 lið, tvö frá Frakklandi og tvö frá Englandi og 6 frá Þýskalandi. Í mótslok var Hjalti kjörinn maður mótsins af mótshöldurum.

Samantekt: ***Hjalti 2 sæti liðakeppni og kjörinn maður mótsins.***

## EM 1995.

Tveir íslenskir keppendur, þeir Halldór og Hjalti voru sendir á mótið, sem nú var haldið í boði Finna í Helsinki í byrjun maí 1995. Halldór datt út í þriðju umferð í -65kg flokki en hafði þar með komist í 8 manna úrslit. Hjalti, sem keppti í -80kg flokki og í Opnum flokki, datt út í fyrstu umferð í báðum flokkum.

Karlalið Finna, sem íslenska landsliðið hafði sigrað á NM um haustið varð í 3ja sæti á Evrópumótinu, en árið áður höfðu Finnar náð silfurverðlaunum á EM og bronsi á HM 1994. Sigur okkar frá NM 1994 var því hreint út sagt frábær árangur.

Samantekt: ***Halldór í 8 manna úrslit -65kg flokki.***

## Genshi-Kan eða Opna Danska 1994.

KAI styrkti Ásmund Ísak Jónsson, Eddu Blöndal og Eydísi Líndal á Danskt mót í byrjun júní 1995. Engar upplýsingar liggja fyrir um árangurinn á því móti.

## HM Chitu-ryu í Japan 1995.

KAI barst beiðni frá Dagný Ósk Ásgeirsdóttur, sem stödd var sem skiptinemi í Japan um að fá að keppa fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramótinu í Chitu-ryu, sem fara átti fram 4.-7. ágúst. KAI samþykkti að styrkja hana með litlili fjárupphæð til ferðar innan Japans á mótið. Dagný keppti í Kata stúlkna fyrir Íslands hönd og hafnaði í 7. sæti af 25 keppendum,

sem komu frá 6 löndum, langflestir frá Japan, en einnig frá U.S.A., Kanada, Hong Kong, Ástralíu og Okinawa.

Samantekt: ***Dagný í 7. sæti í Kata stúlkna.***

## Opna Norska 1995.

Á mótið, sem fram fór í lok september, fór Hjalti Ólafsson. Hann datt út úr í fyrstu umferð í bæði opna flokknum og sínum þyngdarflokki.

## Norðurlandamótið 1995.

Þrír Íslendingar, þeir Halldór Svavarsson, Hjalti Ólafsson og Grétar Halldórsson voru sendir sem keppendur til Kaupmannahafnar í október 1995. Einnig voru með í för þeir Karl Gauti Hjaltason, sem liðsstjóri og Ólafur Wallevik, sem dómari.

Nýtt keppnisfyrirkomulag í kumite var tekið upp á mótinu, sem verður líklega til framtíðar. Fyrirkomulagið var þannig að í stað þess að hafa hreint útsláttarkerfi, er hverjum þyngdarflokki (og opnum flokki) skipt upp í tvær einingar, þar sem allir keppa við alla. Þar sem einungis tveir keppendur frá hverju landi geta verið í hverjum flokki þýðir þetta að mest geta verið 10 keppendur í hverjum flokki, eða 5 í hverri einingu. Efstu menn í hvorri einingu keppa síðan um Norðurlandameistaratitil, en þeir næstu um bronsverðlaun. Önnu breyting á þessu móti var, að þyngdarflokkum karla var fækkað úr 6 í 3, þ.e.a.s. nú var keppt í -68kg, -78kg og +78kg flokkum karla.

Hjalti Ólafsson sigraði í fyrstu glímu sinni í -78kg flokki, en tapaði síðan öðrum glímum. Grétar keppti tvær glímur og tapaði báðum, en varð þá að hætta vegna meiðsla.

Halldór Svavarsson vann eina glímu í sínum þyngdarflokki -68kg, en tapaði tveimur og komst ekki að í keppni um verðlaunasæti.

Þá var komið að keppni í opnum flokki karla, þar sem Halldór hafði skráð sig til leiks, þrátt fyrir að hann væri trúlega léttasti keppandinn í þeim flokki. Þegar upp var staðið hafði hann og annar keppandi tvo vinninga og voru efstir og jafnir í sínum riðli. Þar sem hinn keppandinn hafði sigrað Halldór, taldist hann eiga að keppa um gullið, en Halldór um bronsið, sem hann að lokum hlaut. Þetta verður að teljast glæsilegur árangur í opnum flokki og er vafalaust eitt af bestu afrekum Íslendings á NM frá upphafi.

Samantekt: ***Halldór í 3ja sæti í opnum flokki.***

## Liven Cup, Danmörku 1996.

Mótið var haldið í Árósum í byrjun febrúar og fór Halldór Svavarsson sem eini íslenski keppandinn. Hann keppti í léttasta flokknum -70kg. Hann tapaði gegn Ítala í fjórðu umferð, fékk tvær uppreisnarglímur og vann þær. Hann keppti síðan um þriðja sætið við Ítala og sigraði. Halldór vann því sex af sjö andstæðingum sínum í flokknum, en 30 keppendur voru skráðir þar til leiks.

Samantekt: ***Halldór í 3ja sæti í -70kg flokki.***

## Dómaraferð til Noregs.

Að beiðni Ólafs Wallevik styrkti KAI hann til Noregs 1-3. mars 1996 á alþjóðlegt dómaranámskeið, sem Tommy Morris og Ted Hedlund stóðu fyrir. Ferðin var hugsuð til undirbúnings fyrir dómaranámskeið EKU sem hann hyggst fara á í tengslum við EM.

## Opna Skandinavíska meistaramótið 1996.

Mótið var haldið í Eslöv í Svíþjóð, dagana 2. -3. mars 1996. Héðan fóru fjórir keppendur, þau Halldór Svavarsson, Edda Blöndal, Ólafur Nielssen og Ingólfur Snorrason. Keppendur voru 370 frá 13 löndum. Átta lönd sendu opinber landslið sín. A.m.k. fjórir verðlaunahafar á HM tóku þátt á mótinu.

Halldór vann fyrstu tvær glímur sínar í -65kg flokki, en tapaði naumlega þeirri þriðju, 2-3 gegn Júgóslava, sem síðar vann flokkinn. Um 20 keppendur voru í þessum flokki. Halldór keppti síðan um bronsið og sigraði.

Edda Blöndal missti naumlega af verðlaunasæti í -60kg flokki kvenna. Hún vann fyrstu tvær glímurnar, en tapaði þeirri þriðju naumlega 2-3. Sigur í þeirri glímu hefði tryggt henni verðlaunasæti. Um 15 keppendur voru í flokknum. Edda vann einnig fyrstu glímu sína í opna flokknum og þá varð hún í 6 sæti af 25 keppendum í kyu-kata kvenna.

Ingólfur vann fyrstu glímu sína í +80kg flokki, en tapaði þeirri næstu. Í opnum flokki vann hann fyrstu glímuna, en varð að hætta eftir það vegna meiðsla.

Í liðakeppni karla kepptu Íslendingar við B-lið Austurríkis. Í sveitakeppninni kepptu þriggja manna sveitir. Halldór vann sína glímu, en Ingólfur og Ólafur töpuðu. Þess má geta að Halldór vann sína glímu á móti manninum, sem varð í öðru sæti í -65kg flokki.

Samantekt: ***Halldór í 3ja sæti í -65kg flokki.***

## EM 1996 og dómaranámskeið EKU.

Að þessu sinni var EM haldið í París 3. -5. maí. Halldór Svavarsson var eini íslenski keppandinn, en með í för var einnig Ólafur Wallevik, sem fór á vegum KAI á nokkurra daga dómaranámskeið EKU (Evrópusambandið).

Halldór vann sína fyrstu glímu á móti Hvít-Rússa, en datt út í annarri umferð eftir tap gegn Búlgara. 34 keppendur voru í flokknum.

Á dómaranámskeiðinu mistókst Ólafi að verða sér út um EKU dómararéttindi, en um 70 manns þreyttu prófið og einungis 15 stóðust.

## Genshi-Kan eða Opna Danska 1996.

Opna danska meistaramótið eða Genshi-Kan var haldið dagana 16. og 17. maí. Fjórir íslenskir keppendur flugu utan, þau Halldór Svavarsson, Konráð Stefánsson, Ingólfur Snorrason og Eydís Líndal. Um 350 keppendur frá 10 löndum tóku þátt á mótinu.

Konráð Stefánsson náði þeim glæsilega árangri að sigra í Opnum flokki Dan-gráða og vann hann alla sína fjóra mótherja. Um 35 keppendur voru í þessum flokki. Einnig keppti Konráð í -80kg flokki, en datt út í fyrstu umferð.

Halldór Svavarsson keppti í -65kg flokki og varð þriðji þar, en tapaði einum bardaga af sex.. Keppendur voru um 35.

Ingólfur vann fyrstu glímu sína í +80kg flokki, en tapaði þeirri næstu og var út. Í opnum flokki kyu-gráða tapaði hann fyrstu glímu sinni og var þar með úr leik.

Eydís tapaði fyrstu glímu sinni í -60kg flokki, en fékk uppreisnarglímu, sem hún vann. Hún tapaði hins vegar næstu glímu og var úr leik. Í opnum flokki datt hún út í fyrstu umferð.

Samantekt: ***Konráð gull í opnum flokki***
***Halldór í 3ja sæti í -65kg flokki.***

## *Samantekt á besta árangri íslenskra karatemanna í keppni, sl. 3 ár.*

| | |
|---|---|
| **NM Svíþjóð 1993.** | ***Konráð brons -75kg flokki.*** |
| **Opna Sænska 1994.** | ***Hjalti brons -80kg flokki og silfur opnum flokki.*** |
| **Opna Danska maí 1994.** | ***Halldór brons -65kg flokki.*** |
| | ***Karl Viggó brons -75kg flokki.*** |
| **NM Reykjavík 1994.** | ***Halldór silfur -65kg flokki.*** |
| | ***Ísak brons í kata karla.*** |
| | ***Sigur í liðakeppni gegn landsliði Finna 3-2.*** |
| **Liven Cup, Danm. 1995.:** | ***Hjalti Gull -80kg flokki.*** |
| **Bradbramsted Þýskal. '95.** | ***Hjalti 2 sæti sveit og kjörinn maður mótsins.*** |
| **EM 1995.** | ***Halldór í 8 manna úrslit -65kg flokki.*** |
| **NM Danmörk 1995.** | ***Halldór brons opnum flokki*** |
| **Liven Cup, Danm. 1996.** | ***Halldór brons -70kg flokki.*** |
| **Opna Skandinavíska '96.** | ***Halldór brons -65kg flokki.*** |
| **Genshi-Kan Danm. 1996:** | ***Konráð gull opnum flokki.*** |
| | ***Halldór brons -65kg flokki.*** |

# ÍSLANDSMEISTARAR FRÁ STOFNUN KAI 1985.

Hér koma listar yfir alla Íslandsmeistara á Íslandsmeistaramótum KAI frá upphafi.

## Kumite karla -65kg.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Árni Einarsson | KFR |
| 1986 | Árni Einarsson | KFR |
| 1987 | Árni Einarsson | KFR |
| 1988 | Sigmundur Rafnsson | Baldri |
| 1989 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1990 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1991 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1992 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1993 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1994 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1995 | Ásm. Ísak Jónsson | Þórsh. |

## Kumite karla -73kg.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Atli Erlendsson | KFR |
| 1986 | Finnbogi Karlsson | Karateskólinn |
| 1987 | Sigurjón Gunnsteins. | KFR |
| 1988 | Sigurjón Gunnsteins. | KFR |
| 1989 | Helgi Jóhannesson | Breiðabliki |
| 1990 | Helgi Jóhannesson | Breiðabliki |
| 1991 | Jón Ívar Einarsson | KFR |
| 1992 | Karl Viggó Vigfússon | Þórshamri |
| 1993 | Árni Þór Jónsson | Breiðabliki |
| 1994 | Halldór Magnússon | Haukum |
| 1995 | Jón Ingi Þorvaldsson | Þórshamri |

## Kumite karla -80kg.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Jóhannes Karlsson | KFR |
| 1986 | Konráð Stefánsson | KFR |
| 1987 | Konráð Stefánsson | KFR |
| 1988 | Grétar Halldórsson | KFR |
| 1989 | | |
| 1990 | Grétar Halldórsson | KFR |
| 1991 | Konráð Stefánsson | KFR |
| 1992 | Jón Ívar Einarsson | KFR |
| 1993 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |
| 1994 | Árni Þór Jónsson | Þórshamri |
| 1995 | Hjalti Ólafson | Þórshamri |

## Kumite karla +80kg.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki |
| 1986 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki |
| 1987 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki |
| 1988 | Magnús Blöndal | Þórshamri |
| 1989 | | |
| 1990 | Ómar Ívarsson | KFR |
| 1991 | - Féll út v/Þátttökul.- | |
| 1992 | Gunnar Halldórsson | KFR |
| 1993 | Grétar Halldórsson | KFR |
| 1994 | Gunnar Júlíusson | Þórshamri |
| 1995 | Karl Viggó Vigfús. | Haukum |

## Kumite karla Opinn flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki |
| 1986 | Atli Erlendsson | KFR |
| 1987 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki |
| 1988 | Konráð Stefánsson | KFR |
| 1989 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1990 | Ómar Ívarsson | KFR |
| 1991 | Jón Ívar Einarsson | KFR |
| 1992 | Grétar Halldórsson | KFR |
| 1993 | Jón Ívar Einarsson | KFR |
| 1994 | Halldór Svavarsson | KFR |
| 1995 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |

## Kumite karla Op. flokkur Ippon.

Fyrst keppt í þessum flokki 1991

| | | |
|---|---|---|
| 1991 | Konráð Stefánsson | KFR |
| 1992 | Karl Viggó Vigfússon | Þórshamri |
| 1993 | Grétar Halldórsson | KFR |
| 1994 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |
| 1995 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri |

## Kumite kvenna Opinn flokkur.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Jónína Olesen | KFR |
| 1986 | Kristín Einarsdóttir | Gerplu |
| 1987 | Jónína Olesen | KFR |
| 1988 | Hildur Svavarsdóttir | KFR |
| 1989 | Jónína Olesen | KFR |
| 1990 | Lykke B. Larsen | Fylki |
| 1991 | Jónína Olesen | KFR |
| 1992 | Jónína Olesen | KFR |
| 1993 | Jónína Olesen | KFR |
| 1994 | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 1995 | Edda Blöndal | Þórshamri |

## Kumite kvenna Op. flokkur Ippon.

Keppni í Ippon flokki hófst 1993

| | | |
|---|---|---|
| 1993 | Jónína Olesen | KFR |
| 1994 | Edda Blöndal | Þórshamri |
| 1995 | | |

## Kata karla.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Atli Erlendsson | KFR |
| 1986 | Árni Einarsson | KFR |
| 1987 | Árni Einarsson | KFR |
| 1988 | Sigurjón Gunnst. | KFR |
| 1989 | Sigurjón Gunnst. | KFR |
| 1990 | Helgi Jóhannesson | Breiðabliki |
| 1991 | Ásm. Ísak Jónsson | Þórshamri |
| 1992 | Sölvi Rafnsson | Baldri |
| 1993 | Ásm. Ísak Jónsson | Þórshamri |
| 1994 | Ásm. Ísak Jónsson | Þórshamri |
| 1995 | Grétar Halldórs. | KFR |
| 1996 | Ásm. Ísak Jónsson | Þórshamri |

## Kata kvenna.

| | | |
|---|---|---|
| 1985 | Jónína Olesen | KFR |
| 1986 | Jónína Olesen | KFR |
| 1987 | Jónína Olesen | KFR |
| 1988 | Hildur Svavarsdóttir | KFR |
| 1989 | Jónína Olesen | KFR |
| 1990 | Ingibjörg Júlíusdóttir | Þórshamri |
| 1991 | Jónína Olesen | KFR |
| 1992 | Jónína Olesen | KFR |
| 1993 | Ingibjörg Júlíusdóttir | Þórshamri |
| 1994 | Ingibjörg Júlíusdóttir | Þórshamri |
| 1995 | Jónína Olesen | KFR |
| 1996 | Edda Blöndal | Þórshamri |

## Fjöldi Íslandsmeistaratitla í einstaklingsgreinum.

| Röð | Nafn | Félag | Skipti |
|---|---|---|---|
| 1 | Jónína Olesen | KFR | 14 |
| 2 | Halldór Svavarsson | KFR | 8 |
| 3-7 | Konráð Stefánsson | KFR | 5 |
| 3-7 | Árni Einarsson | KFR | 5 |
| 3-7 | Ásmundur Ísak Jónsson | Þórshamri | 5 |
| 3-7 | Hjalti Ólafsson | Þórshamri | 5 |
| 3-7 | Ævar Þorsteinsson | Breiðabliki | 5 |
| 8-11 | Grétar Halldórsson | KFR | 4 |
| 8-11 | Jón Ívar Einarsson | KFR | 4 |
| 8-11 | Sigurjón Gunnsteinsson | KFR | 4 |
| 8-11 | Edda Blöndal | Þórshamri | 4 |

## Fjöldi Íslandsmeistaratitla á félög í einstaklingsgreinum.

| Röð | Félag | Skipti |
|---|---|---|
| 1 | Karatefélag Reykjavíkur | 55 |
| 2 | Karatefélagið Þórshamar | 23 |
| 3 | Karatedeild Breiðabliks | 9 |
| 4-5 | Karatedeild Hauka | 2 |
| 4-5 | Karatedeild UMF. Baldurs | 2 |
| 6-8 | Karatedeild Gerplu | 1 |
| 6-8 | Karatedeild UMF. Fylkis | 1 |
| 6-8 | Karateskólinn í Reykjavík | 1 |

## Hópkata karla.

| | | |
|---|---|---|
| 1990 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, GP, SE. |
| 1991 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, GP, HS. |
| 1992 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, GP, |
| 1993 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, GP, SE. |
| 1994 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, |
| 1995 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, HJ, HS. |
| 1996 | K.f. Þórshamar | ÁÍJ, ÁÞJ, JIÞ |

## Hópkata kvenna.

Fyrsta skipti keppt í

Hópkata kvenna 1991

| | | |
|---|---|---|
| 1991 | K.f. Þórshamar | IJ, MG, LEi. |
| 1992 | K.f. Reykjavík | JO, |
| 1993 | K.f. Þórshamar | IJ, |
| 1994 | K.f. Þórshamar | IJ, EB, EL. |
| 1995 | K.f. Þórshamar | IJ, EB, EL. |
| 1996 | K.f. Þórshamar | IJ, EB, EL. |

## Sveitakeppni karla, kumite.

| | | |
|---|---|---|
| 1990 | Karatefélag Reykjavíkur | Halldór, Grétar,Ómar, Gunnar og Sigurjón. |
| 1991 | Ekki keppt vegna þátttöku | |
| 1992 | Karatefélag Reykjavíkur | Halldór, Grétar, Konráð, Jón Ívar og Gunnar. |
| 1993 | Karatefélag Reykjavíkur | Halldór, Grétar, Konráð, Jón Ívar og Atli. |
| 1994 | Karatefélagið Þórshamar | Hjalti, Gunnar, Helgi, Karl Viggó og Jón Ingi. |
| 1995 | Karatefélagið Þórshamar | Hjalti, Jón Ingi, |

# DÓMARASKÍRTEINI

Í vor gaf stjórn KAI út dómaraskírteini fyrir þá dómara sem komnir eru með réttindi. Skírteinin eru í sömu stærð og ökuskírteini og eru í plasti. Á framhlið þeirra kemur fram hvaða dómaragráðun viðkomandi er með í kata og kumite. Þá er þar nafn skírteinishafa, félag/stíll, útgáfudagur og gildistími. Aftan á skírteininu er síðan útdráttur úr reglum KAI um dómara.

Þeir sem fengu skírteini og gráðun þeirra.

| Nafn | Félag | Kata | Kumite |
|---|---|---|---|
| Karl Gauti Hjaltason | Karatesamband Íslands | A | A |
| Ólafur Wallevik | Karatef. Þórshamar | A | A |
| Bjarni Ásmundsson | Karatedeild Hamars | B | B |
| Sölvi R. Rafnsson | UMF. Selfoss | B | B |
| Stefán Alfreðsson | UMF. Stjarnan | B | B |
| Gunnlaugur Sigurðsson | Karatedeild Hauka | C | B |
| Ólafur Hreinsson | KFR | C | B |
| Bjarni Ásgeirsson | UMF. Stjarnan | C | B |
| Ásmundur Ísak Jónsson | Karatef. Þórshamar | B | C |
| Jónína Olesen | KFR | B | C |
| Alfreð Alfreðsson | Karatedeild Hauka | C | C |

**A - Landsdómari**

A - dómarar hafa rétt til að dæma sem aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum og öllum öðrum mótum sem skipulögð eru hérlendis af KAI og ekki teljast alþjóðleg mót.

**B - Héraðsdómarar**

B - dómarar hafa rétt til að dæma sem aðaldómarar á héraðsmótum og sem vallardómarar á Íslandsmótum í öllum aldursflokkum

**C - Félagsdómarar**

C - dómarar hafa rétt til að dæma sem aðaldómarar á innanfélagsmótum hjá karatefélögum og deildum og sem vallardómarar á héraðsmótum

**Úr reglum KAI um karatedómara**

Á karatemótum sem skipulögð eru af félögum eða samtökum innan ÍSÍ skal skipa karatedómara eftir réttindum þeirra.

# UNGLINGAMEISTARAMÓT 1994 - KATA

Keppendur voru skráðir 114 frá 9 félögum. Dómarar á mótinu voru þeir Karl Gauti Hjaltason, Bjarni Ásmundsson, Ólafur Wallevik, Gunnlaugur Sigurðsson, Ólafur Hreinsson, Halldór Narfi Stefánsson, Karl Viggó Vigfússon, Jón Ívar Einarsson, Ásmundur Ísak Jónsson

**Kata barna, f. 1985 og yngri**

| | |
|---|---|
| 1. Árni Ibsen | Þórshamar |
| 2. Margeir Stefánsson | Þórshamar |
| 3. Þórður Daníel Þórðarsson | KFR |

fjöldi skráðra keppenda 16

**Kata krakka, f. 1983 og 1984**

| | |
|---|---|
| 1. Haukur Snorrason | Þórshamar |
| 2. Örn Ingi Ágústsson | Haukar |
| 3. Steinn Sigurðarsson | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 22

**Kata yngri unglinga, f. 1981 og 1982**

| | |
|---|---|
| 1. Erlingur Þór Tryggvason | Þórshamar |
| 2. Ari Tómasson | Þórshamar |
| 3. Helgi Þór Þorsteinsson | KFR |

fjöldi skráðra keppenda 33

**Kata unglinga, f. 1979 og 1980**

| | |
|---|---|
| 1. Kristján Guðjónsson | Þórshamar |
| 2. Birkir Jónsson | Baldur |
| 3. Þorbjörg Tryggvadóttir | Baldur |

fjöldi skráðra keppenda 15

**Kata táninga, f. 1977 og 1978**

| | |
|---|---|
| 1. Erlingur Guðleifsson | Þórshamar |
| 2. Davíð Örn Sigþórsson | KFR |
| 3. Hrafn Ásgeirsson | Akranes |

fjöldi skráðra keppenda 11

**Kata yngir juniora, f. 1975 og 1976**

| | |
|---|---|
| 1. Lárus Snorrason Welding | KFR |
| 2. Anna Markos | KFR |
| 3. Edda Blöndal | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 14

**Kata juniora, f. 1973 og 1974**

| | |
|---|---|
| 1. Árni Þór Jónsson | Þórshamar |
| 2. Bjarni Kærnested | Þórshamar |
| 3. Ingólfur Snorrason | Selfoss |

fjöldi skráðra keppenda 6

**Hópata krakka, f. 1981 og yngri**

1. Þórshamar (Ari Tómasson, Erlingur Þór Tryggvason og Hrafnkell Sigríðarson)
2. Haukar (Eiríkur Gauti Kristjánsson, Ívar Pétursson og Örn Ingi Ágústsson)
3. Þórshamar (Davíð Róbertsson, Gunnar Þorfinnson og Ólafur Sindri Helgason)

fjöldi skráðra liða 8

**Hópata unglinga, f. 1977 - 1980**

1. KFR (Davíð Örn Sigþórsson, Ester Ósk Jónsdóttir og Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson)
2. Fylkir (Arnar Arnórsson, Pétur Arnórsson og Rakel María Oddsdóttir)
3. Akranes (Hrafn Ásgeirsson, Mikael Madsen og Helgi M. Valdimarsson)

fjöldi skráðra liða 4

**Hópata juniora, f. 1973 og 1976**

1. Þórshamar (Árni Þór Jónsson, Bjarni Kærnested og Kristján Guðjónsson)
2. Selfoss (Benedikt K. Valdimarsson, Gunnþóra Steingrímsdóttir, Ingólfur Snorrason og Jóna Briet Guðjónsdóttir)
3. Þórshamar (Bjarni Rúnar Einarsson, Edda Blöndal og Erlingur Guðleifsson)

fjöldi skráðra liða 4

**Verðlaunaskipting**

| Félag | Gull | Silfur | Brons | fj. verðl. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| Þórshamar | 8 | 3 | 4 | 15 | 34 |
| KFR | 2 | 2 | 2 | 6 | 12 |
| Haukar | 0 | 2 | 0 | 2 | 4 |
| Selfoss | 0 | 1 | 1 | 2 | 3 |
| Baldur | 0 | 1 | 1 | 2 | 3 |
| Fylkir | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 |
| Akranes | 0 | 0 | 2 | 2 | 2 |

# UNGLINGAMEISTARAMÓT 1994 - KUMITE

Mótið fór fram í íþróttahúsi Hagaskóla. Keppendur voru skráðir 76 frá 11 félögum. Dómarar á mótinu voru Karl Gauti Hjaltason, Bjarni Ásmundsson, Ólafur Wallevik, Stefán Alfreðsson, Gunnlaugur Sigurðsson, Ásmundur Ísak Jónsson og Ólafur Hreinsson.

**Kumite telpna, f. 1978 og yngri**
1. Ester Ósk Jónsdóttir Þórshamar
2. Rakel María Oddsdóttir Fylkir
3. Er.a Dagrún Benjamínsdóttir Þórshamar
4. Þorbjörg Tryggvadóttir Baldur

skráðir keppendur 6

**Kumite stúlkna, f. 1973 - 1977**
1. Edda Blöndal Þórshamar
2. Anna Markos KFR
3. Agnes B. Birgisdóttir Selfoss
4. Magnea Sverrisdóttir KFR

skráðir keppendur 6

**Kumite stráka, f. 1981**
1. Ólafur Sindri Helgason Þórshamar
2. Hrafnkell Sigríðarson Þórshamar
3. Björgvin Þór Þorsteinsson KFR
4. Helgi Þór Þorsteinsson KFR

skráðir keppendur 12

**Kumite drengja, f. 1979 og 1980**
1. Pétur Arnórsson Fylkir
2. Kristján Guðjónsson Þórshamar
3. Arnar Arnórsson Fylkir
4. Karl Jóhann Garðarsson Þórshamar

skráðir keppendur 11

**Kumite pilta, f. 1977 og 1978**
1. Davíð Ö Sigþórsson KFR
2. Ólafur Nielsen Þórshamar
3. Erlingur Guðleifsson Þórshamar
4. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson KFR

skráðir keppendur 8

**Kumite pilta, f. 1975-1976**
1. Héðinn Valþórsson Haukar
2. Arnór Bohic KFR
3. Halldór Magnússon Haukar
4. Árni Ívarsson KFR

skráðir keppendur 10

**Kumite juniora, f. 1981**
1. Salvar Björnsson KFR
2. Benedikt K. Valdimarsson Selfoss
3. Bjarni Kærnested Þórshamar
4. Ingólfur Snorrason Selfoss

skráðir keppendur 6

**Verðlaunaskipting**

| Félag | Gull | Silfur | Brons | fj. verðl. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Þórshamar** | **3** | **3** | **3** | **9** | **18** |
| **KFR** | **2** | **2** | **1** | **5** | **11** |
| **Haukar** | **1** | **0** | **1** | **2** | **4** |
| **Selfoss** | **0** | **1** | **1** | **2** | **3** |
| **Fylkir** | **1** | **1** | **1** | **3** | **6** |

# UNGLINGAMEISTARAMÓT 1995 - KATA

Unglingameistaramót Íslands 1994 í Kata var haldið í íþróttahúsi Hamars í Hveragerði. KAI bauð félögum upp á rútuferðir á mjög sanngjörnu verði. Mótið tókst vel í alla staði og mjög góð tilbreyting var að halda mótið fyrir utan höfuðborgina. Um 150 keppendur voru skráðir á mótið frá 8 félögum. Dómarar voru þeir Karl Gauti Hjaltason, Bjarni Ásmundsson, Ólafur Wallevik, Ásmundur Ísak Jónsson, Sölvi R. Rafnsson, Ingibjörg Júlíusdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson og Ólafur Hreinsson

**Kata barna, f. 1986 og yngri**

| | |
|---|---|
| 1. Margeir Stefánsson | Þórshamar |
| 2. Árni Ibsen | Þórshamar |
| 3. Hörður Ólafsson | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 30

**Kata krakka, f. 1984 og 1985**

| | |
|---|---|
| 1. Lára Kristjánsdóttir | Þórshamar |
| 2. Þorgils Óttar Baldursson | Selfoss |
| 3. Páll Ingjaldsson | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 25

**Kata yngri unglinga f. 1982-1983**

| | |
|---|---|
| 1. Erlingur Tryggvason | Þórshamar |
| 2. Örn Ingi Ágústsson | Haukar |
| 3. Ari Sverrisson | Haukar |

fjöldi skráðra keppenda 40

**Kata unglinga f. 1980-1981**

| | |
|---|---|
| 1. Sólveig Krista Einarsdóttir | Þórshamar |
| 2. Ekarchai Sai Hong | KFR |
| 3. Helgi Þorsteinsson | KFR |

fjöldi skráðra keppenda 29

**Kata táninga f. 1978-1979**

| | |
|---|---|
| 1. Vilhjálmur S. Vilhjálms. | KFR |
| 2. Kristján Guðjónsson | Þórshamar |
| 3. Hrafn Ásgeirsson | Akranes |

fjöldi skráðra keppenda 8

**Kata yngir juniora f. 1976-1977**

| | |
|---|---|
| 1. Edda Blöndal | Þórshamar |
| 2. Lárus Snorrason Welding | KFR |
| 3. Erlingur Guðleifsson | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 8

**Kata juniora f. 1974-1975**

| | |
|---|---|
| 1. Ingólfur Snorrason | Selfoss |
| 2. Héðinn Valþórsson | Haukar |
| 3. Alexei Fadev | Þórshamar |

fjöldi skráðra keppenda 10

**Hópkata krakka f. 1982 og yngri**

1. Haukar (Hjalti Snær Ægisson, Eðvald Ingi Gíslason og Logi Már Hermannsson)
2. Þórshamar (Sævar Vítalín, Árni Egill Örnólfsson og Tryggvi Þór Tryggvason)
3. Haukar (Sif Hákonardóttir, Hákon Fannar Hákonarson og Örn Ingi Ágústsson)

fjöldi skráðra liða 13

**Hópkata unglinga f. 1978-1982**

1. Akranes (Hrafn Ásgeirsson, Helgi M. Valdimarsson og Michael Madsen)
2. Þórshamar (Ari Tómasson, Hrafnkell Sigríðarson og Erlingur Tryggvason)
3. KFR (Helgi Þór Þorsteinsson, Karl I. Karlsson og Ekarchai Sai Hong)

fjöldi skráðra liða 11

**Hópkata juniora f. 1974-1977**

1. KFR (Bjarki Þór Birgisson, Vilhjálmur S, Vilhjálmsson og Lárus Snorrason Welding)
2. Þórshamar (Edda Blöndal, Erlingur Guðleifsson og Alexei Fadev)
3. Selfoss (Ingólfur Snorrason, Gunnþóra Steingrímsdóttir og Jóna Bríet Guðjónsdóttir)

fjöldi skráðra liða 4

**Verðlaunaskipting**

| Félag | Gull | Silfur | Brons | fj. verðl. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Þórshamar** | **5** | **4** | **4** | **13** | **27** |
| **KFR** | **2** | **2** | **2** | **6** | **12** |
| **Haukar** | **1** | **2** | **2** | **5** | **9** |
| **Selfoss** | **1** | **2** | **1** | **4** | **8** |

# UNGLINGAMEISTARAMÓT 1995 - KUMITE

**Kumite telpna, f. 1979 til 1982**
1. Sólveig Krista Einarsdóttir Þórshamar
2. Elísabet Alba Valdimarsdóttir KFR
3. Sara Bjargardóttir Þórshamar

**Kumite junior stúlkna, f. 1974 til 1978**
1. Edda Blöndal Þórshamar
2. Ingo Rós Skúladóttir KFR

**Kumite stráka, f. 1982**
1. Davíð Róbertsson Þórshamar
2. Guðmundur A. Guðmundsson Fylkir
3. Erlingur Þór Tryggvason Þórshamar
4. Eðvald Ingi Gíslason Haukar

**Kumite drengja, f. 1980 og 1981**
1. Björgvin Þór Þorsteinsson KFR
2. Skírnir Sigurgeirsson Fylkir
3. Eiríkur Gauti Kristjánsson Haukar
4. Ari Tómasson Þórshamar

**Kumite pilta, f. 1978 og 1979**
1. Kristján Guðjónsson Þórshamar
2. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson KFR
3. Davíð Sigþórsson KFR
4. Ólafur Guðmundsson Haukar

**Kumite eldri pilta, f. 1976 og 1977**
1. Erlingur Guðleifsson Þórshamar
2. Magnús Ó. Gunnarsson Þórshamar
3. Lárus Snorrason Welding KFR
4. Bjarki Þór Birgisson KFR

**Kumite junior, f. 1974 og 1975**
1. Árni Hreiðar Ívarsson KFR
2. Alexei Fadev Þórshamar
3. Elvar Árnason Hamar

**Verðlaunaskipting**

| Félag | Gull | Silfur | Brons | fj. verðl. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| **Þórshamar** | **5** | **2** | **2** | **9** | **21** |
| **KFR** | **2** | **3** | **2** | **7** | **14** |
| **Fylkir** | **0** | **2** | **0** | **2** | **4** |
| **Hamar** | **0** | **0** | **1** | **1** | **1** |
| **Haukar** | **0** | **0** | **1** | **1** | **1** |

# UNGLINGAMEISTARAMÓT 1996 - KUMITE

Keppendur voru um 60 frá 10 félögum.

**Kumite telpna, f. 1980 til 1983**

1. Sólveig Krista Einarsdóttir Þórshamar
2. Sif Grétarsdóttir Fylkir
3. Jóhanna Hólm Fjölni
4. Elísabet Valdimarsdóttir KFR

**Kumite stúlkna, f. 1977 til 1979**

1. Björk Ásmundsdóttir Þórshamar
2. Inga Emilsdóttir KFR

**Kumite stráka, f. 1983**

1. Henning Sveinsson Fjölni
2. Kristjón Sigurbergsson Fjölni
3. Ævar Már Óskarsson Haukar
4. Örn Ingi Ágústsson Haukar

**Kumite drengja, f. 1981 og 1982**

1. Birgir Tómasson Fylkir
2. Eiríkur Gauti Kristjánsson Haukar
3. Ekachi Saithong KFR
4. Ari Tómasson Þórshamar

**Kumite pilta, f. 1979 og 1980**

1. Stefán Þór Þórsson Fjölni
2. Sveinn Magnússon Stjarnan
3. Sveinbjörn Haraldsson KFR
4. Gunnar Már Gunnarsson Akranes

**Kumite unglinga, f. 1977 og 1978**

1. Ólafur Nielsen Þórshamar
2. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson KFR
3. Michael Madsen Akranes
4. Hrafn Ásgeirsson Akranes

**Kumite junior, f. 1975 og 1976**

1. Lárus Snorrason Welding KFR
2. Héðinn Valþórsson Haukar
3. Árni Ívarsson KFR
4. Bjarki Þór Birkisson KFR

**Verðlaunaskipting**

| Félag | Gull | Silfur | Brons | fj. verðl. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| KFR | 1 | 2 | 3 | 6 | 10 |
| Fjölnir | 2 | 1 | 1 | 4 | 9 |
| Þórshamar | 3 | 0 | 0 | 3 | 9 |
| Fylkir | 1 | 1 | 0 | 2 | 5 |
| Haukar | 0 | 2 | 1 | 3 | 5 |
| Stjarnan | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 |
| Akranes | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 |

# REKSTRARREIKNINGUR

| | gjöld | tekjur |
|---|---|---|
| Mótahald, Íslandsm.mót | 401.664 | 90.300 |
| Mótahald, Unglingam.mót | 415.529 | 387.260 |
| Norðurlandamót 1994 | 612.926 | 243.700 |
| Gestaþjálfarar | 243.551 | 43.900 |
| Landslið | 2.525.677 | 45.310 |
| Landsliðsþjálfun ÓW | 772.358 | |
| Landsliðsþjálfun HS | 79.661 | |
| Grunnskólar, kynning | 147.200 | |
| EKU gjöld | 253.249 | |
| Ritföng og fl. | 39.572 | |
| Símakostnaður | 28.232 | |
| Styrkir og Lottó | | 4.818.524 |
| Tékkareikningar | 4.760 | 17.478 |
| Húsaleiga og fl. | 236.860 | |
| Kaffi/Veitingar | 23.592 | |
| Afskriftir eignir | 271.009 | |
| Afskriftir aðrar eignir | 259.691 | |
| Annað | 71.770 | 10.000 |
| Samtals | 6.387.301 | 5.656.472 |
| Tap flutt á efnahag | | 730.829 |
| Samtals | 6.387.301 | 6.387.301 |

Við undirritaðir endurskoðendur staðfestum hér með að meðfyljandi rekstrar- og efnahagsreikningar eru í samræmi við fylgiskjöl.

Einar M. Einarsson

Jón Ingi Þorvaldsson

# EFNAHAGSREIKNINGUR

| | | Eignir | Skuldir |
|---|---|---|---|
| Sjóðsinneignir | | | |
| | Tékk. 5103 | 92.566 | |
| | Tékk. 31 | 8.271 | |
| | Tékk. 200051 | 385 | |
| | Reikn. 200316 | 566 | |
| | Reikn. 292847 | 15.466 | |
| | Tékk 400031 | 42 | |
| | Reikn. 208316 | 4.508 | |
| | Samtals | 121.804 | |
| Eignir | | | |
| | Skrifstofuhúsgögn | 160.400 | |
| | Dýnur | 337.716 | |
| | Skrifstofuhúsgögn | 33.100 | 33.100 |
| | Myndbandsupptökutæki | 122.905 | 122.905 |
| | Tölvubúnaður | 65.004 | 65.004 |
| | Stigatafla | 50.000 | 50.000 |
| | Samtals | 769.125 | 271.009 |
| Aðrar eignir | | | |
| | Lager | 89.391 | 89.391 |
| | Inneign hjá félögum | 28.900 | 28.900 |
| | Inneign hjá ÍSÍ | 31.259 | |
| | Inneign hjá Salvari | 34.750 | 34.750 |
| | Inneign hjá Hjalta | 34.750 | 34.750 |
| | Inneign hjá Þór Ólafssyni | 23.000 | 23.000 |
| | Inneign hjá Gallery Sport | 48.900 | 48.900 |
| | Samtals | 290.950 | 259.691 |
| Skuldir | | | |
| | Höfuðstóll | | 1.382.008 |
| | Samtals | 1.181.879 | 1.912.708 |
| | Tap flutt af rekstri | 730.829 | |
| | Samtals | 1.912.708 | 1.912.708 |